

2. tölublað, 15. árgangur. Nóvember 2019

FRÍMÚRARINN



Fréttblað Frímúrarareglunnar á Íslandi



pípu

lakk

Allt frá hatti oní skó



Hattar



Treflar



Hátíðavesti (5 hnappa)



Karaffla með 2 glösum

Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara



Lakkskór (ný tegund)



Kjólskyrtur

Fygihlutir - Fygihlutir - Fygihlutir

Smeygur

Lindaklemma/ bindisnæla

Ermahnaðar - Ermahnaðar - Ermahnaðar

Ermahnaðar - Ermahnaðar - Ermahnaðar

Ermahnaðar - Ermahnaðar - Ermahnaðar





MARPORT

MARPORT.COM

FRÍMÚRARINN

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

Netfang

ritstjori@frimur.is

Ábyrgðarmaður/YAR

Kristján Jóhannsson (R&K)

Ritstjóri

Pórhallur Birgir Jóseppson (IX)
thorjose@simnet.is

Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (X)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Páll Júlíusson (X)
pj@pj.is

Ólafur G. Sigurðsson (IX)
olafurs@granthornton.is

Bragi V. Bergmann (IX)
bragi@fremri.is

Pétur S. Jónsson (VIII)
pedro@medialux.com

Pór Jónsson (VII)
thor12@ru.is

Arnar Þór Jónsson (VII)
Arnar.Thor.Jonsson@domstolar.is

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar. Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

Forsíðumynd

Ljósm. Jón Svavarsson

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“

Vali þakkað, Kristjáni fagnað

Löngum og farsælum ferli Vals Valssonar sem Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi lauk nú á haustdögum þegar hann lét af embætti og Kristján Þórðarson tók við embætti Stórmeistara, eins og nánar er greint frá hér í blaðinu. Valur tók við embættinu 20. október 2007 og hafði því gegnt því nokkrum dögum betur en 12 ár þegar hann lét af því og Kristján tók við þann 26. október.

Eðli málsins samkvæmt eru þetta mikil tímamót í Frímúrarareglunni. Sérhver Stórmeistari setur mark sitt á starfið í Reglunni, yfirbragð hennar og samskipti við samfélagið í kring. Íslenskir frímúrarar hafa átt því láni að fagna að Stórmeistarinn Valur Valsson hefur verið afar lipur stjórnandi og leitt Regluna mjúklega, en ákveðið, eftir braut aukinna og jákvæðra samskipta út í þjóðfélagið. Jafnframt hefur innra skipulag og starf verið byggt markvisst upp. Þessi tólf ár Vals í embætti Stórmeistara Frímúrarareglunnar hafa verið gæfurík fyrir starf íslenskra frímúrarara og um leið eftt og aukið tengsl við bræður í öðrum löndum, ekki síst þeim sem skyldust okkur eru: hinum Norðurlöndum.

Íslenskir frímúrarar standa í mikilli þakkarskuld við Val Vals-son fyrir örugga handleiðslu, styrka stjórnun og alúðlegt viðmót í garð allra bræðra.

Því fylgir mikil ábyrgð að velja Stórmeistara Frímúrarareglunnar. R&K bræður velja Stórmeistara og víst má telja að þeir eru sér vel meðvitaðir um þá miklu ábyrgð sem valinu fylgir. Stórmeistarinn þarf að

gefa sig allan í starfið, hann þarf að vera leiðtogi allra bræðranna í Reglunni, hann þarf að vísa veginn og skera úr ef álitamál verða uppi, umfram allt þarf hann ávallt að sýna gott for-dæmi og með breyttni sinni og framgöngu vera bræðrunum leiðarljós á vegferð frímúrarastarfsins. Um leið og Stórmeistarinn skal vera þetta milda vald sem með breyttni sinni sveigir umhverfi sitt sjálfviljugt til fylgis við sig verður hann engu að síður að búa yfir myndugleik og röskleika til að taka af skarið þegar svo ber undir. Við kveðjum nú með þakklæti Val Vals-son, sem sýndi okkur þessa eiginleika ríkulega og fögnum um leið Kristjáni Þórðarsyni sem nú hefur tekið við kyndlinum sem nýr leiðtogi og stjórnandi Frímúrarareglunnar á Íslandi.

Víst er að Kristján gerir sér góða grein fyrir þeirri ábyrgð og þeim skyldum sem hann hefur nú tekist á hendur. Hann hefur starfað lengi í Reglunni og gegnt þar mörgum trúnaðarstörfum. Þó svo að í orði kveðnu sé vald Stórmeistarans nánast óskorað er það auðvitað svo, að farsælast er þegar leiðtogar ná að standa undir því nafni og leiða lið sitt í sátt og eindrægni. Íslenskir frímúrarar líta glaðir fram á veg og hafa miklar væntingar til traustrar leiðsagnar og farsællar stjórnunar hins nýja Stórmeistara og er honum hér beðið blessunar og velfarnaðar í þeim mikilvægu störfum sem nú bíða hans.

Pórhallur Birgir Jóseppson

Nýr Stórmeistari tekur við



Kristján Þórðarson, nýr Stórmeistari Frímúrarareglunnar og Valur Valsson, fráfarandi Stórmeistari.



Frá innsetningarfundni nýs Stórmeistara Frímúrarareglunnar.

Það telst alltaf til stórtíðinda þegar skipt er um æðsta stjórnanda Frímúrarareglunnar. Og mikilvægi þeirrar athafnar mátti auðveldlega sjá á fjölda gesta er sóttu glæsilegan innsetningarfund nýs Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi, Kristjáns Þórðarsonar, laugardaginn 26. október í Regluhúsinu í Reykjavík.

Alls sóttu 525 bræður innsetningarfundinn og rétt um 400 bræður sátu veisluborðhaldið sjálf. Að venju komu gestirnir víða að, en fundinn heiðruðu allir Stórmeistarar hinna norrænu Frímúrarareglanna ásamt æðstu stjórnendum frá Englandi, Skotlandi, Þýskalandi, Hollandi, Eistlandi og Ítalíu og fleiri erlendum bræðrum og systurum.



Ljós. Jón Svavarsson

Með hátíðlegri athöfn og glæsilegu veisluborðhaldi var Kristján boðinn velkominn til þeirra mikilvægu starfa sem nú bíða hans, en að sama skapi var fyrrverandi SMR, Vali Valssyni, þakkað einstaklega farsælt starf í þágu Reglunnar, og hann gerður heiðursfélagi Frímúrarareglunnar á Íslandi. Á fundinum voru einnig kynntar breytingar á Æðsta ráði Reglunnar, en Kristján Sigmundsson tekur við emb-

ætti DSM af Jóni Sigurðssyni og Kristján Jóhannsson verður IVR.

Kristján Þórðarson er augnlæknir að mennt, fæddur þann 5. júlí 1950. Eiginkona hans er Guðrún G. Þórarinsdóttir, líffræðingur á Hafrannsóknastofnun. Börn þeirra eru; Guðlaug Þóra, Unnur Ýr, Þórður Örn og Þórarinn Már. Barnabörnin eru 9.



Ljósmyndir: Jón Svavarsson

Að lokinni innsetningarathöfn stilltu menn sér upp til hópmyndatöku. Íslenskir R&K ásamt erlendu gestunum, fremst fyrir miðju hinn nýji Stórmeistari með fyrrverandi Stórmeistara hvorn á sína hönd.

Kristján gekk í Frímúrararegluna árið 1984 og hefur gegnt margvíslegum ábyrgðar- og trúnaðarstörfum innan hennar. Hann var kjörinn Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi þann 4. október 2019. Kristján er ellefti maðurinn sem gegnir embætti Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi. Fyrsti SMR var Sveinn Björnsson, síðar forseti Íslands en hann gegndi embættinu á árunum 1951-1952. Aðrir er gegnt hafa embættinu eru Ólafur Lárusson, Ásgeir Ásgeirsson, Valdimar Stefánsson, Ásgeir Magnússon, Víglundur Möller, Gunnar J. Möller, Indriði Pálsson, Sigurður Örn Einarsson og nú síðast Valur Valsson.

Um embætti SMR

Í sem stystu og einföldustu máli hefur SMR æðsta vald í öllum málum Reglunnar og er því óumdeildur leiðtogi hennar. Allar ákvarðanir sem þarfir Reglunnar krefjast og lög hennar leyfa eru á hans valdi.

Þannig er á valdi SMR eins að skera úr um túlkun fyrirmæla Grundvallarskipanar Reglunnar og reglugerða, sem og að veita undanþágu frá



Kristján Jóhannsson, IVR, ávarpar erlenda gesti á veislu fundi eftir innsetningu.

þeim. Sýni reynslan að breyta þurfi ákvæðum Grundvallarskipanar Reglunnar í einhverju efni eða auka við hana, gerir SMR það að höfðu samráði við æðstu embættismenn

Reglunnar á fundi Æðsta ráðs Reglunnar og með samþykki þess.

SMR skipar æðstu embættismenn Reglunnar, embættismenn Landsstúkunnar, Umdæmisstúkna og Stú-



Glaðlegir erlendir gestir, f.v. Jaako Holkieri frá Finnlandi, Tomas Tönise, Teet Lainevee og Arne Kaasik frá Eistlandi og Gerrit van Eijik frá Hollandi að lokinni innsetningarathöfn.



Frá móttöku sem Valur Valsson hélt fyrir erlenda vini og samstarfsmenn. F.v. Walter Schwartz frá Danmörku, Valur Valsson, fyrrverandi SMR, Ragnar Tollefsen frá Noregi og Christer Person frá Svíþjóð.



Frá veislufundi eftir innsetningu Stórmeistarans.



Framúrskarandi söngvarar og hljóðfæraleikarar úr hópi frímúrara fluttu fagra tónlist við innsetningarathöfnina.



artstúkna. SMR tilnefnir bræður til Stólmeistarakjörs í starfsstúkum og má enginn kjörinn Stólmeistari setjast í embætti fyrr en SMR hefur sett hann eða skipað til þess. SMR einn

hefur vald til þess að stofna stúkur, fræðlustúkur, bræðrafélög eða stofnanir innan Reglunnar, eftir því sem honum virðist hæfa þörfum hennar og lögin heimila. Hann ákveður þá jafnan

aðsetur, starfsvettvang og starfssvið þeirra.

Ítarlegt viðtal við Kristján Þórðarson, nýskipaðan Stórmeistara, verður í næsta tölublaði Frímúrarans.

Athafnamaðurinn og frímúrarinn Jóhannes J. Reykdal

Hálfum mánuði eftir að Edda, fyrsta St. Jóhannesarfrímúrarastúkan á Íslandi, var stofnuð þann 6. janúar árið 1919 gekk Þórður Edilsson (1875-1941), héraðslæknir í Hafnarfirði, í stúkuna og varð þar með fyrsti hafnifirski frímúrarinn. Árið 1921 óskaði svo annar Hafnafirðingur, Jóhannes Jóhannesson Reykdal (1874-1946), eftir inngöngu í Regluna. Eftir það fjölgaði frímúrum sem búsettir voru í Hafnarfirði smátt og smátt og voru þeir orðnir fjórtán árið 1928 að því er best verður vitað. Það er ljóst að á fyrstu árum frímúrarastarfs hér á landi hafa bræður búsettir í Hafnarfirði þurft að hafa þó nokkuð fyrir því að sækja fundi í Reykjavík. Samgöngur og farartæki þess tíma voru mun fábrotari og þess voru jafnvel dæmi að bræður færu gangandi á fundi.

Framhaldsnám í Danmörku

Jóhannes Reykdal var um margt merkilegur maður. Tuttugu og sjö ára gamall settist hann að í Hafnarfirði í ársbyrjun 1902. Hann var sveitamaður ættaður norðan úr Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu og hafði lokið trésmíðanámi á Akureyri. Næstu þrjú árin stundaði hann framhaldsnám í trésmíði í Danmörku. Jóhannes fæddist í Vallakoti í Reykjadal þann 18. janúar 1874 og var yngstur fimmtán systkina. Foreldrar hans voru af eyfirsku bergi brotin en þau brugðu búi þegar Jóhannes var sex ára og fluttu að Illugastöðum í Fnjóskadal. Eftir það bjuggu þau á ýmsum stöðum. Sextán ára gamall missti Jóhannes föður sinn en hann hélt þó áfram að fylgja móður sinni um skeið. Bjuggu þau eitt ár í Eyjafirði en réðu sig svo sem ráðskona og lausamaður í Hjaltadal í Fnjóskadal. Stöðugar breytingar við misjöfn kjör og tíðir flutningar á þessum árum hafa vafalaust þroskað Jóhannes og gert hann reynslunni ríkari. Tvítugur komst Jóhannes í trésmíðanámi á Akureyri og fjórum árum síðar sigldi hann til Kaupmannahafnar. Að námi loknu hafði Jóhannes hugsað sér að setjast að á Ak-



Mynd: Byggðasafn Hafnarfjarðar

Jóhannes J. Reykdal, frumkvöðull og athafnamaður, gekk í St. Jóh.st. Eddu árið 1921.



Mynd: Ólafur Magnússon

Stytta af brautryðjandanum og athafnamanninum Jóhannesi J. Reykdal var afhjúpuð 24. maí 2018. Styttuna gerði listakonan Ragnhildur Stefánsdóttir. Reykdalsvirkjun hafði frumkvæði að gerð styttunnar og gaf Hafnarfjarðarbæ. Hér situr Jóhannes á endurgerðri stíflu Reykdalsvirkjunar sem hann reisti og horfir yfir Hamarskotslæk og Hörðuvelli.



AFSLÁTTUR

Kjölföt

- Fjárfesting í glæsileika



- Úrval kjölfata
- Kjólskyrtur
- Lakkskór
- Hattar
- Fylgihlutir

Bjóðum afslátt af öllum kjölfötum með svörtu vesti fyrir núverandi og tilvonandi frímúrarabræður. Verð áður **89.800 kr.** Verð nú **74.900 kr.**

Ég hef borið ábyrgð á klæðaburði þúsunda karlmannna í þrjá áratugi. Ég er þakklátur fyrir traustið sem viðskiptavinir hafa ávallt sýnt mér.

Sigurður Þorólfsson, Bobó

Sigurður Þorólfsson (Bobó)



karlmenn

Laugavegi 7 Sími: 551 3033



Mynd: Byggðasafn Hafnarfjarðar

Íbúðarhús Jóhannesar Reykdal sem hann reisti í byrjun 20. aldarinnar við Brekkugötu í Hafnarfirði.

ureyri en þá hitti hann unga konu, Þórunni Böðvarsdóttur, sem varð meðal annars til þess að hann settist að í Hafnarfirði.

Frá árinu 1902 eru lífssaga Jóhannesar Reykdal og saga Hafnarfjarðar rækilega samtvinnaðar. Hafnarfjörður var á þessum tíma í örum vexti. Það var fyrst og fremst aukin athafnasemi í útgerð sem þar réði mestu um. Samfara auknum umsvifum í bænum tóku að rísa lítil timburhús í hvosinni við Lækinn og víðar. Ungur og duglegur trésmiður hafði því nóg að gera. Og það var ekki einungis við byggingu litlu íbúðarhúsanna sem Jóhannes lagði til krafta sína fyrstu árin í Firðinum heldur vann hann við smíði stærri bygginga svo sem barnaskóla og fiskverksunarahúss. Hann átti sér líka stærri drauma. Strax árið eftir að Jóhannes

flutti til Hafnarfjarðar reisti hann trésmíðaverkstæði við Hamarskotslæk, hið fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Í trésmíðjunni voru átta smíðavélar sem knúðar voru með vatnsafla en slíkt hafði ekki áður verið gert hérlandis. Árið 1903 er sagt frá þessari athafnasemi í Hafnarfirði í Ísafold:

Yfirlætislaus, en hygginn, ötull og fylginn sér

Vatnið er tekið úr Hafnarfjarðarlæk og er því veitt heim að vélahúsinu í 150 ál. langri rennu, í vatnskassa við húshliðina, og er fallhæð vatnsins í kassanum 12 fet. Í kassanum er snúningsvél (túrbína) með 15 hesta affi; frá henni liggur aðalmöndullinn inn í kjallara undir húsinu, en frá honum aftur snúrur, upp í gegnum gólfíð á tvær hreyfivélar, sína hvoru megin.

Vinnuvélar 8 eru þessar: [...]

Réttheill, [...] Pyktarhefill, [...] Strikunarvél, [...] Strikunarvél (Fræsemaskine), [...] Bandsög [...] Hjólsög [...] Borvél [...] Rennibekkur [...] Eigandi verksmíðjunnar, hr. Jóhannes Reykdal, er Þingeyingur að ætt og uppruna; það er ungur maður, yfirlætislaus, en hygginn, ötull og fylginn sér. (Ísafold, 10. október 1903, s. 251.)

Jóhannes áttaði sig snemma á því að Lækurinn byði upp á ýmsa möguleika. Hann hafði því falast eftir lóð fyrir trésmíðaverkstæðið við Lækinn og jafnfram umráðarétti yfir vatnsaflinu. Á þessum tíma var Garðakirkja eignaraðili að landi Hamarskots og Hamarskotslæk. Jóhannes snéri sér því til prófestsins í Görðum, séra Jens Pálssonar, og var það auðsótt mál að fá aðstöðu við Lækinn. Á námsárum sínum í Kaupmannahöfn fór Jóhannes til Noregs og heimsótti


Hreint loft betri heilsa

Honeywell gæða lofthreinsitæki

Loftmengun er hættuleg heilsu og lífsgæðum. Honeywell lofthreinsitæki eru góð við myglugróum, bakteríum, frjókornum, svífryki, lykt og fjarlægir allt að 99,97% af ofnæmisvaldandi efnum.



HA010E hægt að þvo síuna. Verð kr. 15.960



HFD323E Air Genius 5. Hreinsar allt að 99.9% af óhreinindum. Hægt að þvo síuna. Verð kr. 35.850



HPA100WE. Hreinsar allt að 99.97% af óhreinindum. Hjóðlát stilling. Verð kr 18.890



HPA710WE HEPA sía, gróf sía, kola sía, ION kerfi. Hreinsar allt að 99.97% af óhreinindum. Hjóðlát stilling. Verð kr 49.920

Láttu þér líða vel - innandyrá

Honeywell



Vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is



Mynd: Byggðasafn Hafnarfjarðar

Svona var umhorfs inni í hinnu byltingarkenndu trésmiðju Jóhannesar J. Reykdal. Í trésmiðjunni voru átta smíðavélar sem knúðar voru með vatnsafla en slíkt hafði ekki áður verið gert hérlandis.

systur sína, Margréti, sem bjó í Stafanger. Þar kynntist hann því hvernig Norðmenn virkjuðu vatnsafl til rafmagnsframleiðslu. Hann fór því að velta því fyrir sér hvort ekki mætti nýta vatnsaflað sem knúði trésmíðavélnar til að framleiða rafmagn og lýsa upp verkstæðið og jafnvel fleiri hús í grenndinni. Árið 1904 sigldi Jóhannes til Noregs til að kaupa rafal til að hrinda hugmyndum sínum um rafmagnsframleiðslu í framkvæmd. Fyrsti íslenski raffræðingurinn, Halldór Guðmundsson, var um þetta leyti nýkominn heim frá námi í Þýskalandi og fékk Jóhannes hann til liðs við sig við að setja upp rafalinn. Einn af starfsmönnum Jóhannesar, Árni Sigurðsson trésmiður, lagði raflagnir undir handleiðslu Halldórs og varð síðar fyrsti rafvirki landsins. Þann 12. desember 1904 voru kveikt rafmagnsljós í fyrsta skipi á Íslandi í fimmtán húsum í Hafnarfirði auk trésmiðjunnar. Tvö stærstu hús bæjarins, barnaskólinn og Góðtemplarahúsið, voru í hópi hinna upplýstu húsa og jafn-



Mynd: Byggðasafn Hafnarfjarðar


Trésmiðjan við Hamarskotslæk.

fram var kveikt á fjórum götuljós-um. Þáttaskil höfðu orðið í sögu þjóð-
ar.

Fólk keypti afnot af perum

Rafstöð Jóhannesar J. Reykdal fram-
leiddi aðeins 9 kW sem varla nægði
trésmiðjunni og húsunum fimmtán en
eftirspurn eftir rafmagni var mun
meiri. Jóhannes fór því enn af stað og
fékk lóð og leyfi til að reisa nýja raf-
stöð nokkru ofar við Lækinn á svo-
nefndum Hörðuvöllum. Nýja rafstöð-
in var 37 kW en vatnsmagnið í
Læknum gaf þó ekki nema 22 kW.
Hún var tekin í notkun haustið 1906
og var fyrsta sjálfstæða rafstöðin á
Íslandi. Nú gátu fleiri hús fengið raf-
magn og Jóhannes hafði þann háttinn
á að fólk keypti af honum afnot af per-
um. Það kostaði sex krónur að leigja
tuttugu og fimm watta peru á ári. Til
að byrja með var aðeins leyfilegt að
hafa kveikt á tveim perum í einu í
hverju húsi og voru perurnar fluttar á
milli perustæða eftir þörfum.

Jóhannes var vinsæll meðal Hafn-
firðinga og naut virðingar fyrir fram-
takssemi sína. Hann var einn stofn-



Mynd: Byggðasafn Hafnarfirðar

Rafallinn í fyrstu vatnsaflsvirkjuninni á Íslandi 1904 þar sem Jóhannes J. Reykdal virkjaði Hamarskotslækinn í Hafnarfirði.

OPTIMA

OPTIMA

OPTIMA

Prentský®

Optima er leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á prentlausnum á Íslandi

Prentbúnaður og heildarlausnir



OPTIMA
Vínlandsleið 6-8 Reykjavík
Glerárgata 28 Akureyri
Sími 588 9000

RICOH
Ljósritavélir • Prentarar • Skannarar

SCAN COIN
Myntalíninga- og flokkunarvélir

ROSENGRENS
Öryggis- og peningaskápar

BISLEY
Skjal- og skrifstofuskápar

ÖSKUL
Öryggisvélir

WINCOR NIXDORF
Kassavélir

xerox

KATUN PERFORMANCE
Prentvélar



Stíflan og bunustokkurinn á Hörðuvöllum þar sem nú er stytta af frumkvöðlinum Jóhannesi J. Reykdal og frímúrararahúsið Ljósatröð.

Mynd: Byggðasafn Hafnarfjarðar

enda Vatnsveitufélags Hafnarfjarðar sem kom á fót vatnsveitu upp úr 1904, var varamaður á lista í bæjarstjórnarkosningum árið 1908 og var fyrsti slökkviliðsstjóri bæjarins. Þá gerði hann einnig út vélbát um skeið.

Einn af stofnendum fríkirkjusafnaðarins

Þrátt fyrir að Jóhannes hefði komið sér vel fyrir í Hafnarfirði í byrjun aldar vatt hann kvæði sínu í kross árið 1909. Þá seldi hann Hafnarfjarðarbæ rafstöðvarnar og tólf Hafnirðingum trésmiðjuna en keypti jörðina Setberg rétt utan við bæinn. Þangað flutti Jóhannes tveimur árum seinna og gerðist bóndi. Hann stóð fyrir ýmsum framkvæmdum á jörðinni, bætti meðal annars allan húsakost, stækkaði og ræktaði tún og árið 1917 reisti hann nýja rafstöð fyrir heimilið. Og áfram hélt Jóhannes að láta til sín taka í Hafnarfirði á ýmsum sviðum. Meðal annars var hann einn þeirra sem stofnuðu lúterskan fríkirkjusöfnuð í bænum og varð fyrsti safnaðarformaður. Engin kirkja var þá í Hafnarfirði og áttu bæjarbúar kirkjusókn að Görðum. Sumarið 1913 reisti fríkirkjusöfnuðurinn kirkju á þremur mánuðum og hafði Jóhannes umsjón með byggingunni ásamt fyrrum samstarfsmönnum sínum úr trésmiðjunni. Og nýja kirkjan var að sjálfsgöðu raflýst, sú fyrsta hér á landi.

Nýtisku frystihús og holsteinagerð

Árið 1920 hóf Jóhannes að byggja nýja trésmiðju og timburverslun á landareign Setbergs við Lækinn. Enn sem fyrr voru vélar trésmiðjunnar knúnar vatnsafli frá Læknum. Rafstöðin á Hörðuvöllum var orðin allt of lítil fyrir Hafnarfjörð og árið 1926 tók ný rafstöð við hlutverki hennar. Þá keypti Jóhannes gömlu rafstöðina sína, stækkaði trésmiðjuna og nýtti orkuna um árabíl. Árið 1926 reisti Jóhannes íshús við Lækinn og seldi útgerðarmönnum ís. Ísinn var í fyrstu tekinn af tjörn ofan við húsið en ekki leið á löngu þar til Jóhannes hafði reist nýtísku frystihús. Auk þessa kom hann á fót holsteinagerð sem hann starfrækti í nokkur ár. Setbergsjörðin tilheyrði á þessum tíma Garðahreppi og átti Jóhannes sæti í hreppsnefndinni í sautján ár, þar af oddviti hennar í átta.

Jóhannes hætti búskap á Setbergi árið 1931, leigði jörðina og bústofninn og leigði trésmiðjuna starfsmönnum hennar. Hann reisti sér myndarlegt steinshús skammt frá Setbergi sem hann nefndi Þórsberg og þar bjó hann til dauðadags árið 1946. Þau Jóhannes J. Reykdal og Þórunn Böðvarsdóttir eignuðust tólf börn. Tvö þeirra létust í æsku og síðar átti berklaveikin eftir að fella fimm af systkinunum á ellefu árum.

Tæpum tveimur áratugum eftir að Jóhannes J. Reykdal kveikti fyrstu

rafhjósín í Hafnarfirði gekk hann í Frímúrararegluna, þann 12. apríl 1921, og hóf leitina að öðru ljósi. Á Hörðuvallasvæðinu þar sem Jóhannes reisti nýja rafstöð árið 1906, við hlið stíflu og miðlunarlóns Reykdalsvirkjunar, reistu síðan Hamarsbræður frímúrarahús sem var vígt 1. nóvember árið 1996 og ber hið táknræna nafn Ljósatröð.

Simon Jón Jóhannsson

Heimildir:

- Ásgeir Guðmundsson (1983-1984). Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I-I-II. Hafnarfirði:
- Frímúrarareglan á Íslandi 25 ára (1945). Frímúrarareglan á Íslandi.
- Fjarðarfréttir (31. maí 2018). „Stytta afhjúpuð af frumkvöðlinum Jóhannesi J. Reykdal.“
- Ísafold (10. október 1903). „Trésmiðaverksmiðjan í Hafnarfirði.“
- Morgunblaðið (18. janúar 2013). „Merkir Íslendingar – Jóhannes Reykdal.“
- Simon Jón Jóhannsson (2013). Hamar í hálfu öld - St. Jóhannesarstúkan Hamar í Hafnarfirði 50 ára. Hafnarfirði: Frímúrarastúkan Hamar í Hafnarfirði.
- Stefán Júlíusson (1995). Fimm athafnamenn í Hafnarfirði – þættir úr sögu bæjarins. Hafnarfirði: Stefán Júlíusson.
- <http://www.rafmagn100.is/johannes.htm>

Aldarminning Frímúrarastarfs á Íslandi

Aldrei var svo heiðið hold,
hér eða þar á jarðarmold.
Að ekki bæri á því skil
að einhver væri Drottinn til.
Bjarni Jónsson skáldi

Fræðimenn allra tíma eru sammála um að það hafi ávallt fylgt manningnum að eiga sína trú á það sem við nefnum hinn æðri mátt.

Um miðja tuttugustu öldina töldu fræðimenn að fundist hefði ættbálkur í Afríku sem virtist ekki hafa þróað með sér trú á hinn æðri mátt. Eftir miklar rannsóknir komust fræðimennirnir að því að ættbálkurinn ætti sína trú. Ættbálkurinn trúði því að hinn æðri máttur byggði í miklu og stóru eikartré sem var til staðar í miðju þorpinu þar sem ættbálkurinn bjó. Þar, við hið fallega eikartré, safnaðist ættbálkurinn saman og átti sínar helgu stundir. Táknið – trúartáknið var svo nærri fræðimönnum að þeir litu framhjá því við upphaf rannsóknar sinnar.

Niðurstaðan var því sú að aldrei hefði fundist samfélag sem ætti ekki sinn átrúnað á svonefndan æðri mátt, ætti ekki sína trú.

Sagnfræðingurinn þekkti, Arnold Toynbee, segir og ályktar að trúin sé auðsjáanlega ein af frumeigindum mannlegs eðlis. Enginn mannlegur einstaklingur og ekkert mannlegt samfélag hefur nokkurn tíma verið án trúar að einhverju tagi.

Í hinum þekktu söguleik sínum lætur sænska nóbelskáldið Verner Von Heidenstam skáldið spyrja Dyskolos: „Veistu hvenær maðurinn varpaði af sér dýrshaminum?“ Dyskolos svarar: „Hann varpaði af sér dýrshaminum morguninn sem hann reisti sér altari í fyrsta sinn.“

Það hefur fylgt manningnum að iðka trú á hinn æðri mátt og reisa sér altari, sem tákn um þennan æðri mátt, á öllum tímum.

Ljóst er, þegar sagan er skoðuð, að álykta má að trúin á hinn æðri mátt,



Særa Vigfús Þór Arnason.

Ljósmynd: Rúnar Hreinsson

að trúin á Guð, skapara allra hluta og sjálfan höfund tilverunnar, hafi fylgt frímúrarastarfinu frá upphafi. Frímúrarareglan er þó ekki trúfélag. Starfið í Reglunni kemur ekki í staðinn fyrir trúariðkun okkar.

Reglan er sjálfstæður félagsskapur en hin kristnu gildi, hinn kristni boðskapur og starf frímúrarans, eiga vissulega samleið. Í lögum Reglunnar segir orðrétt: „Reglan byggir á kristnum grunni. Til þess að verða fé-

lagi í Frímúrarareglunni þarf viðkomandi að játa kristna trú. Kristin trú er grundvöllur sænska frímúrarastarfsins, en okkar íslenska Regla er mótuð af hinni sænsku reglu og regluverki. Frímúrarareglan þvingar ekki félagana til sérstakrar kristinnar trúariðkunar. Ekki er krafist neinna loforða af frímúrarara sem eru andstæð Guði eða brjóta í bága við trúarskoðun hans.“

Reglan okkar, sem byggir á hinum kristna grundvelli reglna á hinum

Norðurlöndunum er kristin regla. Starfið í Reglunni hefur í eina öld dýpkað og aukið skilning á kristinni trú hér á landi. Margir prestar hafa því tekið virkan þátt í frímúrarastarfinu hér á landi og um víða veröld.

Ég var svo heppinn, eftir að ég vígðist til prestsþjónustu fyrir rúmum fjörutíu árum, að ég kynntist einstaklingum sem voru mjög virkir í safnaðarstarfi í prestakalli mínu, sátu í sóknarnefnd og voru einnig mjög svo virkir í starfi Frímúrarareglunnar á Íslandi.

Ræktun trúarinnar skipti þá miklu máli. Sú staðreynd, sem og að nokkrir prestar, sem ég kynntist vel, höfðu mikinn áhuga á Reglustarfinu, hafði mikil áhrif á mig gagnvart allri hugsun um Frímúrararegluna.

Ekki var það svo að þeir væru að þrýsta á mig að gerast frímúrari, frekar var það þeirra einlæga trúarskynjun sem hafði áhrif á mig.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega nefna séra Pétur Sigurgeirsson sem, þá þegar ég var að ganga mín fyrstu spor sem þjónandi prestur, var sóknarprestur á Akureyri. Síðar var hann kjörinn vígslubiskup og Biskup Íslands. Séra Pétur gegndi einnig embætti æðsta kennimanns Frímúrarareglunnar á Íslandi. Mikil og góð áhrif hafði einnig á mig að tengdafaðir minn, Stefán Stefánsson kennari var Eddubróðir og mikill frímúrari í sér.

Þegar ég gerðist félagi í Frímúrarareglunni var ég þjónandi sóknarprestur í frekar litlu sveitarfélagi á landsbyggðinni, nánar tiltekið á Siglufirði. Eðlilega berast fréttir hratt á milli manna á smærri stöðum. Á slíkum stöðum þekkjast nánast allir. Það er reyndar jákvæð staðreynd. Íbúum var því fljótlega kunnugt um að presturinn þeirra væri orðinn frímúrari.

Margir íbúar, sem margir hverjir voru góðir vinir mínir, spurðu mig gjarnan hvort prestur gæti verið frímúrari.

Mitt fastmótaða svar varð fljótt til. Ég svaraði: Það að ég væri prestur hefði einmitt leitt til þess að ég gekk í Frímúrararegluna. Í Reglunni væri til staðar mikill mannauður. Í störfum hennar væri byggt á hinum kristna kærleika og lögð mikil áhersla á mannrækt sem væri byggð á hinum kristna grunni. Ég nefndi oft, vitnaði í, setningu úr Hávamálum er segir:

Maður er manns gaman, en sú hugsun er mjög svo mótandi í öllu frímúrarastarfi.

Í umræðunni fyrir norðan beindust spurningar eðlilega að leyndinni sem væri til staðar í umfjöllun um Frímúrararegluna. Er til staðar innan hennar einhver „mafiustarfsemi“, eitthvað sem þarf að fara leynt með?

Það er gott að fá að svara slíkum spurningum sem víða heyrast. Oft nefni ég það að allt starf Reglunnar gæti farið fram í kirkjunni okkar, hvar altari Guðs er til staðar. Svárið við spurningunni um leyndina er að leyndin sé til staðar til að bræðurnir þroskist á vegferð sinni í Reglunni. Starfið beinist inn á við í öllum þáttum og hefur síðan jákvæð áhrif út á við.

Reglan styrkir mörg líknarfélög. Reglan gerir það í leynd en mikið er ég stoltur bróðir þegar ég heyri og les um styrkina sem veittir eru á hverju ári til líknarmála.

Vegna þess bræðrakærleika, sem er til staðar innan Reglunnar, vex allt starf Reglunnar frá ári til árs. Opinbert er að um þrjú þúsund og sex hundruð bræður séu skráðir í Regluna. Eins og í öllum félögum eru bræðurnir eðlilega misjafnlega mikið virkir í hinu göfuga og uppbyggjandi starfi Reglunnar.

Það er hvetjandi í Reglustarfinu að fylgjast með því að ungir menn sækji um að gerast félagar í Reglunni. Það yljár mér um hjartarætur að vita, þegar þessi orð eru skrifuð, að tveir fermingarsynir mínir frá Siglufirði eru að sækja um inngöngu í Regluna hér í Reykjavík.

Stundum er nefnt hvort það sé í takt við nútíma félagslíf að konur séu ekki félagar í Frímúrarareglunni. Segja má að eiginkonum bræðra sé gert hátt undir höfði í Reglunni. Árlega er haldið þeim til heiðurs svo nefnt *Systrakvöld* sem er mikilvægur þáttur í starfi Frímúrarareglunnar. Konur hafa stofnað sína Reglu sem ber nafnið *Mariusystur*. Þeirra fundarstaður er einnig Frímúrarahúsið í Reykjavík.

Á veggjum Appollonmusterisins í Delfi eru rituð orðin: *Þekktu sjálfan þig*. Þessi orð sem heimspekingurinn Sókrates, sjálfur faðir heimspekinginnar, gerði að einkunnarorðum sínum eru mikilvæg í frímúrarastarfinu. Um leið og við reynum að þekkja okkur sjálfa, lítum að lífi okkar og vegferð, leitum

hugurinn að þeim sem er á bak við allt sem skapað er, lítum við að *höfundu tilverunnar*. Um leið og við gerum það, lítum við til samferðamanna okkar á leið okkar um lífsins braut. Við leitum að tilgangi lífsins, eða eins og við nefnum það í frímúrararæðum: „Við leitum að ljósi og sannleika.“

Eins og ég nefndi fyrir í þessari grein virðist eitt aðalurmæðuefnið, þegar rætt er um Frímúrararegluna, vera leyndin gagnvart henni og um hana.

Gagnvart leyndinni hef ég oft vitnað í orð stærðfræðingsins, eðlisfræðingsins og vísindamannsins Alberts Einstein. Það er næsta ótrúlegt hvað hann sagði um sjálfa leyndina. Hann ritaði; „Fegursta og djúptækasta kennd, sem unnt er að finna, er að skynja leyndardóminn.“

Hann bætti síðan við; „Leyndardómurinn er uppspretta sannra vísinda. Sá sem ekki þekkir þá kennd, að skynja leyndardóminn, sá sem getur ekki lengur undrast og orðið gagnstekinn af lotningu, sá maður má heita „dauður.“ Að vita að það sem oss er óskiljanlegt, er samt í raun og veru, opinberast sem hin æðsta viska og ólýsanleg feegurð, sem takmörkuð skynjun vor getur aðeins höndlað í einfaldasta formi, sú víska, sú tilfinning er kjarninn í allri trú,“ sagði maðurinn sem hefur mótað vísindi svo mjög, maðurinn sem við tengjum við stærðfræðina, mál og vög, vísindamaðurinn Albert Einstein.

Með því að taka þátt í hinu göfuga frímúrarastarfi eignast maður nýja skynjun og skilning á lífinu. Skynjar og lærir að kærleikurinn, sem meðal annars kristallast í mannrækt, er byggður upp á hinum kristna grunni.

Við fögnum nú aldarafmæli frímúrarastarfs á Íslandi. Það segir sína sögu að nú, eftir hundrað ára starf, hefur fjöldi bræðra aldrei verið meiri en einmitt í dag. Það er því mikil birta yfir Frímúrarareglunni á Íslandi við hin merku tímamót.

Megi hinn lifandi Guð, sem við í Reglunni nefnum *Hinn hæsta höfuðsmið himins og jarðar*, blessa og leiða allt hið göfuga starf Reglunnar inn í framtíðina.

Vígfús Þór Arnason, ÆKR

Steindir gluggar í forsal Regluheimilisins

Þegar bræður koma í forsal Frímúrarahússins í Reykjavík, blasa við þeim fjögur myndverk á vesturvegg salarins. Hér er um að ræða steinda glerglugga, sem felldir eru inn í byrgð gluggaop veggjarins. Venjulega eru steindir glergluggar bæði ytri ljósgjafar og listaverk, sem hafa oft sögulega eða trúarlega skírskotun. Í þessu tilfalli var valin sú leið að byrgja gluggaopin en setja í staðinn lýsingu bak við gluggana. Ástæðan er sú að dagsbirtu nýtur ekki nema að litlu leyti á þeim tíma sem flestir frímúrarar sækja stúkufundi og því mundi listaverkið ekki njóta sín sem skyldi.

Af gögnum í skjalasafni Frímúrarareglunnar á Íslandi má ráða að hugmynd að skreytingu forsalarins hafi komið fram árið 1984. Listamaðurinn, John Lawson, kom hingað til lands í maí 1984 til að kynna sér aðstæður og ræða við þá sem voru í forystu fyrir verkefninu. Meðal þeirra sem Lawson ræddi við í heimsókninni voru: Gunnar J. Möller SMR, Indriði Pálsson DSR, Karl Guðmundsson IVR, Árni Gestsson RFH, og Gunnar Hansson arkitekt.

Ekki er ólíklegt að einhver ofangreindra hafi þekkt til Englendingans John Lawson, 1932-2009, sem var einn fremsti listamaður sinnar samtíðar í gerð steindra glerverka og naut mikillar virðingar og vinsælda í heimalandi sínu og erlendis fyrir hæfni sína.

Verk hans prýða ekki aðeins fjölmargar breskar kirkjur og dómkirkjur heldur einnig moskur, hallir, hótél og söfn í ríkjum Austurlanda nær.

Meðal hans þekktustu listaverka er gluggi á vesturvegg kapellu Hinriks VII í Westminster Abbey sem sýnir skjaldarmerki konungsfjölskyldunnar, en skjaldarmerkjafræði var eitt af aðal áhugamálum Lawson. Hann var um þriggja áratuga skeið yfirlistamaður hins heimsþekhta Gordons & Gibbs glerskurðarfyrirtækis.





Ljós. Guðmundur Viðarsson

John Lawson var ekki frímúrari, en í landi þar sem skipulagt frímúrarastarf á upphaf sitt, eru helstu tákn frímúrara víða sýnileg og aðgengileg þeim sem áhuga hafa og gæti það hafa nýst honum við verkið.

Af óþekktum ástæðum dróst þó framkvæmdin því það er ekki fyrr en í fundargerð Æðsta ráðs Frímúrara-reglunnar frá 3. febrúar 1987 sem kemur fram að búið sé að panta glerið. Uppsetningu verksins hefur síðan lokið sumarið 1987.

Þótt steint gler eigi sér langa sögu, en það hefur verið notað í kirkjur allt frá 4. öld e.kr., er það þó órjúfanlega tengt gotneskri byggingarlist, sem

talið er að hafi náð hápunkti sínum um árið 1300 og var það tímabil blómatími í starfsemi steinsmiða miðalda í Evrópu. Frá síðari hluta gotneska tímabilsins eru einmitt fyrstu skráðu heimildir um starfsemi og gildi steinsmiða. Þessi skjöl sem eru nú sameiginlega kölluð „Handrit hinna fornu skyldna“ voru notuð af James Anderson við samantekt Grundvallarlaganna frímúrara sem gefin voru út í London 1723.

Vera má að ekki hafi allir bræður skoðað gluggana með nauðsynlegri athygli og því ekki áttað sig á innihaldi verksins. Í því má sjá mörg tákn sem frímúrarar nota við störf sín.

Þarna er m.a. hringfari, hornmát, möltukross, sólartákn og teningslag-aður steinn og skyldu menn veita því athygli að ein hlið hans er enn ófáguð. Það sem gerir gluggana fjóra síðan að einni heild sem listaverk, er hringformið sem sést móta fyrir á hverjum glugga fyrir sig. Ef áhorfandinn framlengir það í huganum milli glugganna kemur í ljós stór geislandi hringur. Verkið í heild minnir okkur því á hina máttugu hringrás eilífðarinnar, keðjuna sem aldrei skal bresta.

Ólafur G. Sigurðsson

Sindri í Keflavík

Frímúrarastarf á Suðurnesjum

Reynir Valbergsson tók saman

Síðastliðið haust fagnaði St. Jóhannesarstúkan Sindri 40 ára afmæli, en stúkan var stofnuð árið 1978. Þetta er kannski ekki langur tími í sögu frímúrara í heiminum, en þó rúmlega þriðjungur þess tíma sem frímúrarar hafa starfað á Íslandi. Þótt stúkan okkar Sindri sé enn ung að árum, þá hófst óformlegt frímúrarastarf á Suðurnesjunum árið 1949 þegar frímúrararafélagið Northern Lights Masonic Club var stofnað af varnarliðsmönnum á Keflavíkflugvelli. Fyrst um sinn sóttu einungis varnarliðsmenn fundi þess, en þegar opnað var fyrir aðgang íslenskra bræðra, sem unnu á „vellinum“ að fundum Norðurljósaklúbbsins, var meðal þeirra bróðir Benedikt Þórarinnsson, stofnandi Sindra og fyrsti Stólmeistari stúkunnar. Meira um Norðurljósaklúbbinn er að finna síðar í þessari samantekt.

Stofnun Sindra

St. Jóhannesarstúkan Sindri var stofnuð hinn 1. nóveber 1978 og var nýunda St. Jóhannesarstúkan á landinu, en fyrir voru Edda, Mímir, Gimli og Glitnir í Reykjavík, Rún á Akureyri, Njála á Ísafirði, Hamar í Hafnarfirði og Akur á Akranesi. Stúkan Sindri var stofnuð á grunni fræðslustúku sem stofnuð var árið 1975 og var St. Jóh.stúkan Mímir í Reykjavík móðurstúka Sindra.

Árið 1974 voru eitthvað í kringum 20 til 25 frímúrarabræður búsettir á Suðurnesjunum og hópurinn orðinn það stór að menn fóru að huga að stofnun frímúrarastúku í Keflavík. Þegar menn fóru að stinga saman nefjum og ræða þann möguleika að koma upp sérstakri stúku suður með sjó beindust spjótin fljótt að Benedikt Þórarinnssyni að leiða þá vinnu. Bróðir Benedikt var þá yfirlögregluþjónn á Keflavíkflugvelli og hafði starfað ásamt fleirum frímúrarabræðrum á Suðurnesjum í Norðurljósaklúbbnum



Bakkastrígur 19, þar sem Sindri er nú til húsa.



Sindri hafði aðsetur í húsnæði Olíusamlagsins við Víkurbraut fyrstu árin, myndin er tekin um 1979.

um árabíl og nýtekinn við sem siðameistari Mímis. Leyfi fékkst fyrir þessari fyrirætlun hjá SMR og var Mímir fenginn til að vera móðurstúka. Bróðir Einar Birnir, sem stólmeistari Mímis og móðurstúku Sindra, vann náið með Benedikt að stofnun Sindra og hefur alla tíð verið mikill vinur Sindrabræðra.

Þegar fræðslustúka var stofnuð 1975 voru stofnfélagar 25 og var stofnfundurinn haldinn í húsi JC í Keflavík að Kirkjuvegi 39. Þar voru fyrstu tveir fundirnir haldnir og svo

var starfsemin flutt í húsnæði Olíusamlags Keflavíkur að Víkurbraut, þar sem starfsemin fór fram allt til ársins 1992. Bræðurnir lögðu á sig gífurlega mikla vinnu við að koma því húsnæði í stand. Árið 1984 var svo meira af húsnæðinu að Víkurbraut tekið undir starfsemina og hófst þá annað stórátak bræðranna í að breyta og bæta. Árið 1991 keyptu bræðurnir svo núverandi húsnæði sitt að Bakkastríg 16. Það húsnæði var svo hannað fyrir starfsemi Reglunnar af bræðrunum Steinari Geirdal og Gunnari

Sindri í Keflavík



Bræður á lesfundi á Bakkastíg.

Einarssyni. Með kaupunum á Bakka- stígnum hófst þriðja stórátak bræð- ranna og á 11 mánuðum var húsnæðinu breytt úr trésmíðaverkstæði og inn- réttað fyrir starfsemi okkar. Þegar stúkan var 20 ára höfðu Sindrabræð- ur borgað upp allar byggingarskuldur vegna Bakkastígs og þá hófust ýmsar framkvæmdir innanhúss eins og að koma fyrir stjórnheimni í stúkusaln- um, koma fyrir lyftu í húsnæðinu og endurnýja eldhúsið með fullkomnum tækjabúnaði. Þá var herbergi stól- meistara tekið í gegn og húsgögn í lesstofu bræðra endurnýjuð. Einnig var ráðist í breytingar sem lítið sjást en gera fundina þægilegri, eins og endurbætur á loftræstingu og fleira. Síðasta stóra áttak vaskra Sindra- bræðra var svo að kaupa neðri hæð- ina að Bakkastíg og flísaleggja húsið að utan árið 2019.

Öll sú vinna við húsnæði stúkunnar sem Sindrabræður hafa tekið sér fyrir hendur allt frá stofnun fræðslu- stúkunnar, og þá með tvær hendur tómar, hefur styrkt bræðraböndin, samheldni, órjúfanlega vináttu og traust á meðal Sindrabræðra og gefið okkur fyrirheit um að göfugt frí- múrarastarf ætti eftir að líta dagsins ljós í Keflavík. Öllu þessu mikla starfi hefur verið stýrt af vöskum Stól- meisturum okkar sem við höfum ver- ið svo lánsamir að hafa á að skipa.



Skjaldarmerki Sindra, stúkumerki og nafnið Sindri

Sindranafnið og einkunnarorðin „Tendrum ljós” eru fengin úr Eddu- kvæðum þar sem Sindri gneistar af hamri og steðja þegar heitur málmur er sleginn til, til að skapa úr honum verk. Þessi myndlíking á því vel við meginverkefni allra frímúrara.

Þegar bróðir Benedikt Þórarinsson sýndi frumdrög að skjaldarmerki Sindra, sem hann og Steinar Geirdal eiga hugmynd að, voru ekki allir sáttir við hugmyndina og þá sérstaklega fór steðjinn fyrir brjóstið á mönnum. En Benedikt átti bandamann sem var br. Einar Birnir, sem lagði honum lið við að fá skjaldarmerkið samþykkt. Stúkumerkið, sem bræðurnir bera á öllum fundum í stúkunni, er einfalt, en þó ríkt af táknum ef grannt er skoðað. Vinkillinn er sá sami og er í



smíðum í skjaldarmerkinu og hann ásamt sexyddu stjörnunni eru tvö af grunntáknum Reglunnar. Lögun merkisins er ferhyrnt og vísar það í hinn tilhöggna stein og blái liturinn hefur frá örófi alda verið tákn frí- múrara og er tákn góðvildar.

Fundarsókn

Starf stúkunnar hefur verið öflugt frá fyrstu tíð og fundir ávallt vel sóttir, en þriðjudagur hefur verið fundar- dagur Sindra. Fundarsókn hefur verið mikil meðal bræðranna og hefur verið á bilinu 40-56% og má segja að um 70 Sindrabræður sækja fundi fyrstu gráðu að meðaltali.

Aðsókn að stúkunni hefur ávallt verið mikil og hafa verið teknir inn um 6 bræður á ári og gert er ráð fyrir að fara upp í 10 í ár. Virkir félagar eru 223 árið 2019 og hafa 313 bræður gengið í Sindra frá stofnun.

Á síðustu árum hefur verið byggt upp mjög gott bókasafn og bóka- kostur stúkunnar aukist ár frá ári. Margir bræður hafa gefið til safnsins bæði bækur og fjármuni til bóka- kaupa. Mikil og góð aðsókn hefur ætíð verið að lesfundum stúkunnar og eru að jafnaði haldnir tveir fundir í viku, á fimmtudagskvöldum og sunnudags- morgnum. Þar mætir sterkur kjarni Sindrabræðra til lestrar og til al- menntu samverustunda, en það er mat manna að þetta sé það sem hefur gefið Sindra sinn styrk og hefur verið

Það fyrsta sem **Marilyn Monroe** leikkona tók eftir þegar hún hitti **Arthur Miller** rithöfund, voru **gleraugun!**



Langar þig í ný gleraugu?

PLUSMINUS | OPTIC

Smáralind | Sími 517 0317 | www.plusminus.is

Sindri í Keflavík

kjölfestan í öllu frímúrarastarfi hér.

Eins og í öðrum stúkum eru haldin Systrakvöld. Þau hafa verið haldin í húsakynnum Sindra og í Reykjavík og á Selfossi, og þá í samstarfi við aðrar stúkur.

Öflug viðburðanefnd/ferðanefnd hefur verið starfrækt innan stúkunnar um árabíl sem skipulagt hefur utanferðir, m.a. til Edinborgar, Kaupmannahafnar, Stokkhólms og Oslóar. Farið hefur verið með yngri bræður á fundi til Reykjavíkur, á Selfoss og Akranes. Ein nýjasta afurð viðburðanefndar er vína- og bræðrakvöld, þar sem bræður bjóða vinum utan Reglunnar á kótleitukvöld með skemmtiatriðum.

Tónlistarfundir Sindra

Í Stólmeistaratíð Björns Samúelssonar voru teknir upp sérstakir tónlistarfundir sem notið hafa vinsælda, langt út fyrir raðir Sindrabræðra. Á þeim fyrsta sem var í apríl 2002 var flutt tónlist af Sindrabræðrum og þá flutti Eddubróðirinn Smári Ólason erindi um Töfraflautu Mozarts. Árin 2002 til 2009 var flutt tónlist meira og minna af Sindrabræðrum og jafnframt fluttu gestir erindi sem og Sindrabræður. Árið 2009 breyttust tónlistarfundirnir í þá veru að tekin var fyrir tónlist eins tónlistarmanns frá Suðurnesjunum eða með tengingu þangað og voru fundir bæði í tónum og tali, stýrt af söngstjóra Sindra bróður Baldri Þóri Guðmundssyni. Fyrstur fyrir valinu var Guðmundur Rúnar Júlíusson, þá Magnús Eiríksson, Þórir Baldursson, Magnús Kjartansson – en á þeim fundi stýrði Magnús sjálfur málum með tali og tónum. Þá var komið að því að taka fyrir Jóhann Helgason, Magnús Þór Sigmundsson, Vilhjálm Vilhjálmsson og Jóhann G. Jóhannsson. Á síðasta ári var Bragi Valdimar Skúlason tekinn fyrir í tali og tónum og öll tónlist flutt af Sindrabræðrum.

Stólmeistarar Sindra



Benedikt Þórarinnsson var fyrsti Stólmeistari Sindra frá 1978 til 1983, stofnandi stúkunnar og því stofnfélagi nr. 1. Áður var hann Stjórnandi bróðir í fræðslustúkunnni frá 1975 til 1978. Benedikt gekk í Mími 1957 og gegndi þar embætti Siðameistara áður en hann tók að sér stofnun Sindra. Benedikt var sæmdur heiðursmerki Sindra 1980.



Jóhann Líndal var annar Stólmeistari Sindra, en hann tók við árið 1983 og gegndi því embætti í 10 ár, eða til ársins 1992. Hann var stofnfélagi Sindra nr. 13 og gekk í Njálu á Ísafirði 1959. Hann var v.Estv. í nokkur ár hjá Helgafelli áður en hann tók þátt í stofnun Sindra. Jóhann var sæmdur heiðursmerki Sindra 1981 og heiðursmerki Reglunnar 5. janúar 2002.



Gunnlaugur Karlsson var þriðji Stólmeistari Sindra frá 1992 til 1998. Hann gekk í Mími 1970 og var stofnfélagi Sindra nr. 17. Hann gegndi embætti v.Estv. í nokkur ár og var Varameistari stúkunnar áður en hann tók við sem Stólmeistari. Gunnlaugur var sæmdur heiðursmerki Sindra 1985 og heiðursmerki Reglunnar 2. janúar 1999. Þá var Gunnlaugur fulltrúi Landsstúku New Jersey við Landsstúku Íslands.



Björn Samúelsson er fjórði Stólmeistari Sindra frá 1998 til 2005. Hann gekk í Sindra árið 1981. Áður gegndi hann starfi Ritara stúkunnar 1991 til 1997. Eftir stólmeistaratíð sína hefur Björn gegnt ýmsum embættum fyrir Landsstúkuna frá 2006. Björn er eini Sindrabróðirinn sem hefur fengið frömun sem R&K en það var á Stórhátíð 2010. Björn var sæmdur heiðursmerki Sindra 1. febrúar 2005.



Halldór Vilhjálmsson var Stólmeistari frá 2005 til 2011. Hann gekk í Sindra árið 1985 og gegndi þar embætti Vararæðumeistara frá 1989 til 1996 og var Ræðumeistari Stúkunnar frá 1996 til 1998. Þá var Halldór formaður Bræðranefndar frá 1998 til 2003. Hann var sæmdur heiðursmerki Sindra 2003.



Albert Louis Albertsson gegndi embætti Stólmeistara frá 2011 til 2017. Hann gekk í Sindra 1981 og var Varastólmeistari frá 2006 til 2011, eða þar til hann var kosinn Stólmeistari Sindra. Hann var sæmdur heiðursmerki Sindra 2010. Hr. Guðni Th. Jóhannesson, Forseti Íslands, veitti Alberti fálkaorðuna um áramótin 2018.



Arngrímur Guðmundsson er sjöundi og núverandi Stólmeistari. Hann tók við embættinu í febrúar 2017. Hann gekk í Sindra 2001 og gegndi embætti Varasiðameistara frá 2006 til 2011, var Siðameistari frá 2011 til 2015 og Varastólmeistari frá 2015 til 2017. Hann var sæmdur heiðursmerki Sindra 21. nóvember 2016.

Sindri í Keflavík



Heimsókn íslenskra bræðra til NLMC.

Norðurljósaklúbburinn – Northern Light Masonic Club

Norðurljósaklúbburinn hefur alla tíð átt sterk tengsl við Sindra enda margir bræður sem hafa sótt þar fundi í gegnum tíðina og starfað í klúbbnum. Því er ekki úr vegi að koma inná það göfuga starf sem unnið var uppi á Keflavíkurlflugvelli. Þessi samantekt um Norðurljósaklúbbinn er að miklu leyti útdráttur úr erindi sem Guðmundur R. Magnússon, Stólmeistari Mímis, flutti í Rannsóknarstúkunni Snorra í mars 2019 og er birt hér með leyfi hans. Hægt er að nálgast erindið í heild á bókasöfnum stúknanna. Þá er einnig sótt í gögn frá Erlingi Bjarnasyni, sem starfað hefur í klúbbnum til fjölda ára.

Norðurljósaklúbburinn, eða The Northern Light Masonic Club, eins og hann í raun heitir var stofnaður á Keflavíkurlflugvelli 6. október árið 1949 og fagnar því um þessar mundir 70 ára starfsafmæli. Fyrsti forseti klúbbsins Donald C. Romig, lýsir vel aðdragandanum og stofnun NLMC í bréfi sem hann sendi klúbbnum árið 1999 í tilefni þess að 50 ár voru þá liðin frá stofnfundinum. Þess má geta að Donald var mágur bræðranna



Br. Donald C. Romig, fyrsti forseti Northern Lights Masonic Club.

Benedikts, Eyjólfss og Eiríks Þórarinssona, en Benedikt var svo fyrsti Stólmeistari Sindra eins og fram hefur komið. Á þessum árum höfðu nokkrir Suðurnesjamenn gengið í Frímúrarareglurnar og þá í Eddu og fljótlega eftir að Mímir var stofnaður flyktust Suðurnesjamenn í þá stúku.

Í erindi sem br. Guðmundur R. Magnússon flutti í rannsóknarstúkunni Snorra kemur fram að við

upphaf síðari heimsstyrjaldarinnar og á meðan á henni stóð voru setuliðar tíðir gestir í Jóhannesarstúkunni Eddu. Á meðan á stríðsrekstrinum stóð settu bandamenn á laggirnar frímúraraklúbb sem þeir kölluðu „Allied Forces Masonic Club“ og staðsettur var í Camp Laugernes og má segja að hann hafi verið forveri „Northern Light Masonic Club.“

Eins og nafnið ber með sér, þá er

Sindri í Keflavík



Heimsókn Ásgeirs Ásgeirssonar á fund hjá NLMC.



Afhending á „Bless“ skjali til varnarliðsbróður sem var að flytja af landi brott.

NLMC klúbbur en ekki stúka, en engu að síður var stofnun klúbbsins gerð með samþykki og sérstöku leyfi Frímúrarareglunnar á Íslandi.

Tilgangur frímúraraklúbbs Norðurljósanna er að sameina bræður úr öllum viðurkenndum stúkum og umdæmum, til að efla bræðralagið, til gagnkvæms árangurs og til framgangs hugmyndafræði frímúrarar.

Félögum í NLMC fjölgaði hratt, þannig að eftir fimm ára starf voru þeir 450, en aðeins um 30 virkir, enda var viðkoma hermanna yfirleitt að-

eins eitt ár og stundum styttri. Má segja að starfið hverju sinni hafi verið haldið uppi af 30 til 50 manna hópi.

Fundarstaðir klúbbsins í gegnum árin voru vítt og breitt um flugvöllinn, en hin síðari ár var fundarhald að mestu leyti í yfirmannaklúbbum „Officers Club.“ Fyrstu áratugina voru tveir kvöldverðarfundir í hverjum mánuði en í kringum árið 1975, var fundartímum breytt þannig að það var einn hádegisverðarfundur í mánuði. Einnig var einn og einn sérstakur kvöldverðarfundur boðaður í

takt við óskir félaga og stjórnar hverju sinni.

Á hverju hausti var sérstakur innsetningarfundur eða „Installation“ þar sem nýir menn voru settir í embætti fyrir komandi starfsár, þá var eiginkonum boðið með og slegið upp veislu. Þetta þróaðist í að vera haustfagnaður sem endaði með dansleik og mikil aðsókn var á þessa haustfagnaði hjá NLMC þar sem færri komust að en vildu. Þess vegna var um áratugaskeið í lok tuttugustu aldarinnar einnig haldinn vorfagnaður í „Three Flags Club“ eða „Officera klúbbum“ eins og hann var kallaður í daglegu tali. Þetta voru skemmtilegar veislur með systrunum. Einn af þessum fundum var haldinn í Top of the Rock klúbbum þar sem bróðir Ásgeir Ásgeirsson SMR og þá forseti Íslands, var viðstaddur og er greint frá því í tímariti flugvallarins, The White Falcon.

Fyrstu árin var aðeins íslenskum bræðrum með meistarastig veittur aðgangur að klúbbum, en síðar meir var þessi krafa felld niður. Í gegnum árin hefur fjöldi Íslendinga orðið forsetar klúbbsins. Fyrsti Íslendingurinn sem gegndi því embætti var Jón Guðmundsson 1965 og á eftir honum komu Stefán Jónsson 1976, Sveinn Kaaber 1977 og fleiri fylgdu svo í kjölfarið, alls 19 íslenskir forsetar af 75 í heildina – sumir tóku reyndar fleiri en eitt tímabil. Þegar Sveinn tók við embættinu lagði hann ríka áherslu á samstarf bandarísku frímúraranna og þeirra íslensku. Hann hvatti bræður á flugvællinum til að heimsækja stúkurnar í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík. Í NLMC voru Íslendingarnir gjarnan skrýddir merki þeirrar stúku er þeir tilheyrðu. Okkar amerískur bræður voru duglegir í skyldum sínum og tóku þær alvarlega. Þeir mættu vel á fundi, en hin síðari ár fækkaði stöðugt bandarískum frímúrarabræðrum á flugvællinum og nokkrum árum áður en herinn hvarf af Íslandi voru örfáir bandarískir bræður í Norðurljósaklúbbum.

Þegar varnarliðið yfirgaf Ísland árið 2006 lagðist í raun allt starf á vællinum niður og þar með starf Norðurljósaklúbbsins þar til það var svo endurvakið árið 2013.



SIGURVEGARI

Kaka ársins 2019



Þú færð sigurkøkuna
í Bernhöftsbakarí

Sími 551 3083
Klapparstíg 3, 101 Reykjavík

Iðunn

Fyrir alla bræður, úr öllum stúkum, alls staðar



„Í leit að ljósi og sannleika“ er áminning sem við heyrum reglulega á hverjum fundi. En oft eigum við óhægt um vik að sækja fundi að kvöldlagi. Það á einkum við um eldri bræður en einnig yngri sem vegna fjölskylduaðstæðna ná ekki að sækja fundi í miðri viku.

Stúkan okkar Iðunn var stofnuð með það að markmiði að auðvelda okkar eldri bræðrum að geta mætt á fund á miðjum degi í birtu og átt þar fullkominn I° Jóhannesarfund með öðrum bræðrum og vinum. Fundir hefjast laugardaga klukkan 12.00 og standa aldrei lengur en eina klukkustund. Settur er formlegur I° Jóhannesarfundur með tónlistarflutningi og fræðslu og fundi lýkur með sameiginlegri súpumáltíð. Síðan ganga menn út í daginn og eiga alla helgina að njóta samvista með sínu fólki.

Annar tilgangur Iðunnar var að fundir skyldu haldnir ekki einungis í Reykjavík heldur einnig vítt og breitt um landsbyggðina í stúkuhúsum stutt frá heimilum bræðra á þeim stöðum.

Með þessu er reynt að virkja eldri bræður á þessum stöðum jafnt sem á stór höfuðborgarsvæðinu að sækja fundi á ný.

En til þess að svo megi verða, þarf aðstoð yngri bræðra og vina þeirra í viðkomandi stúkum svo þeir eldri komist á fundi.

Við gleymum ekki okkar eldri bræðrum, er einmitt ein af mörgum ljúfum skyldum okkar frímúrara.

Iðunn hefur þannig farið vítt og breitt um landið og haldið þar sína hádegisfundi í nafni Iðunnar, en meiningin er að staðarbræður sem ljá okkur húsnæði sitt á hverjum stað komi að sjálfsögðu sem ljúfir velkomnir gestir og bræður með okkur á þessa fundi.

Iðunn er opin öllum bræðrum – hún er ekki að koma í stað ykkar eigin stúku, heldur sem viðbót við heima-stúku allra þeirra bræðra sem í hana ganga og skerðir á engan hátt réttindi eða skyldur bræðra í sinni móðurstúku.



Iðunnarbræðurnir Arnar Hauksson og Ólafur Helgi Kjartansson.

Ljósmynd Sig. Júl.

Það er engin inntaka heldur einfalt umsóknareyðublað og bróðurfaðmur allra þeirra bræðra sem fyrir eru í stúkunni og staðfestist með óverulegu árgjaldi. Ekki er skylda að vera meðlimur í Iðunni til að sækja fundi hennar, heldur eru allir sem mæta velkomnir. Það er ekki skylda að mæta í kjólfötum, það er æskilegt en ekki skylda, enda sumir vaxnir upp úr þeim. Dökk föt og bindi er fullnægjandi klæðnaður.

Iðunn heldur 5-6 fundi á ári, 3-4 á höfuðborgarsvæðinu og 2 á landsbyggðinni.

Ferðir Iðunnar um landsbyggðina hafa margfaldan tilgang, allt frá frumhugmyndinni að gera eldri bræðrum á þeim stöðum kleift að sækja sinn Jóhannesarfund á stundu dags sem hentar þeirra líkamlegu getu, en

einnig sem skemmtileg fræðandi ferð og samverustund í bræðralagi – en það er einmitt sá samhugur sem dregur Iðunnarbræður í langferðir vítt og breitt um land.

Fundarformið hefur gert það að verkum að það er einnig vaxandi hópur yngri bræðra sem sækir orðið fundi stúkunnar.

Við Iðunnarbræður viljum því með þessari kynningu bjóða þér, ágæti bróðir sem þetta lest, að koma á fund með okkur.

Dagskrá funda er bæði á heima síðu FRMR og í hvítu bókinni.

*Arnar Hauksson, Ræðumeistari,
Ólafur Helgi Kjartansson,
Stólmeistari.*

Miele



Töfrar eldamenskunnar
byrja með Eirvík

**Eldhúsið er ekki bara
herbergi, heldur upplifun**

Við hjá Eirvík trúum því að eldhúsið sé hjarta heimilisins. Innanhússarkítar og sérfræðingar í heimilistækjum keppast við að hanna hágæða eldhús sem standast tímans tönn, með virkni, gæði og sveigjanleika að leiðarljósi. Eldhúsið er fjárfesting til framtíðar - tryggðu þér raunveruleg gæði á hagstæðu verði.



EIRVÍK



Eirvík Suðurlandsbraut 20, Reykjavík, sími 588 0200, eirvik.is.
Opnunartími mánudaga - föstudaga 10-18, laugardaga 11-15



Ljós. Bjarni Ómar

Frá H&V fundi St. Jóh.st. Njarðar 18. október 2019. Á myndinni má sjá R&K Skúla Lýðsson, St.Stú.M. og Guðmund S. Sigurbjörnsson, Stm. Njarðar, ásamt tveimur fyrrv. Stm. Njarðar, bræðrum með heiðursmerki Reglunnar, Stm. St. Andrésarstúknanna Helgafells, Huldar og Hugins, og Stm. St. Jóhannesarstúknanna Eddu, Rúnar, Mímis og Hamars.

Njarðarbræður fögnuðu 20 ára afmæli stúkunnar

Njarðarbræður fögnuðu tuttuga ára afmæli stúkunnar sinnar á fjölmennum og einstaklega ánægjulegum H&V fundi föstudaginn 18. október síðastliðinn.

Með stofnun St. Jóh.st. Njarðar fyrir tuttugu árum, undir forystu bróður Einars Friðriks Kristinssonar (1941-2017), fyrsta Stm. stúkunnar, komu saman 39 bræður, frá flest öllum St. Jóhannesarstúkunum og mynduðu nýja stúku með aðsetur að Ljósatröð 2, Hafnarfirði.

Á 10 ára afmælisfundi Njarðar minnti þáverandi Stm. stúkunnar bróðir Ólafur Haukur Johnson okkur bræðurna á að þátttaka í frímúrara-starfi, hinni konunglegu íþrótt, geri kröfur til okkar og að án sáningar verði ekkert upp skorið. Nú, tuttugu árum eftir stofnun stúkunnar, má með sanni segja að á 20 ára afmælinu hafi stúkan haldið uppskeruhátíð með 154 bræðrum á fundi, 83 Njarðarbræðrum og 71 gesti. Af níu aðal-embættismönnum stúkunnar eru nú 7 sem teknir voru upp í stúkuna eftir stofnun hennar.



Ljós. Bjarni Ómar

Premur bræðrum voru veitt heiðursmerki stúkunnar á afmælisfundinum. Á myndinni eru talið frá vinstri til hægri: Kristinn Halldórsson Rm. Njarðar, R&K Skúli Lýðsson, Guðmundur S. Sigurbjörnsson, Stm. Njarðar og Grétar Björn Sigurðsson, Fv. Rm. Njarðar.

Hinir tveir embættismennirnir eru Stólmeistari stúkunnar Guðmundur S. Sigurbjörnsson og bróðir Pálmar Ólason söngstjóri. En Pálmar, sem ber heiðursmerki Reglunnar, hefur starfað í 58 ár í Frímúrara-reglunni og sinnir enn fullu starfi aðalembættismanns, – áttatíu og eins árs gamall.

Og talandi um söngstjóra og tónlist! Tónlistarflutningur hefur frá upphafi sett skemmtilegan svip á allt starf stúkunnar og er einn af mörgum þáttum öðrum sem aukið hefur samheldni bræðranna og nært og mótað stúkustarfið.

Afmælisfundurinn var engin

undantekning að þessu leyti. Tónlistarsveit stúkunnar söng og spilaði undir stjórn söngstjórans Pálmars, og frumflutti m.a. nýtt lag bróður Gríms Sigurðssonar sem hann samdi við ljóð bróður Egils Þórðarsonar, Handtakið hlýja. Þetta lag er þegar komið á óskalaalista Njarðarbræðra.

Frímúrarakórinn fékk afar hlýjar móttökur þegar hann söng gullfallega 3 lög undir stjórn nýs stjórnanda síns, Njarðarbróðurins Friðriks S. Kristinssonar.

Guðmundur S. Sigurbjörnsson veitti Skúla Lýðssyni R&K og tveim Njarðarbræðrum; Grétari Birni Sigurðssyni og Kristni Halldórssyni, heiðursmerki stúkunnar.

Kristinn S. Kristinsson flutti hefð-

bundið minni Reglunnar. Guðmundur Rúnar Óskarsson flutti stutt ávarp og rifjaði upp fyrstu árin í Ljósatröð eftir stofnun Njarðar en hann var Stm. St. Jóh.st. Hamars á þeim tíma. Eintak af báðum þessum erindum eru nú til á bókasafninu í Ljósatröð.

Einstaklega ánægjulegri samkomu lauk þetta fagra haustkvöld í október með því að bræður voru leystir út með þrem gjöfum; Minnispeningi St. Jóh.st Njarðar, 20 ára afmælisriti, Samantekt um sögu stúkunnar, og Biblíu með nafn stúkunnar þrykkt á framhlið.

Steingrímur B. Gunnarsson



Ljós. Jón Svavarsson

Ásgeir Magnússon.

Olivita - Öflug náttúruleg vörn gegn bólgum
Upplýsingar og pantanir: www.olivita.is



Nýr Stólmeistari St. Jóh.stúkunnar Njarðar

Þann 23. október síðastliðinn fór fram stólmeistarakjör í St. Jóh.stúkunnni Nirði í Hafnarfirði. Kjörinn var bróðir Ásgeir Magnússon og var hann settur í embættið af HSM Allani Vagni Magnússyni þann 30. október.

Ásgeir er fæddur þann 20. desember 1957 á Akureyri. Foreldrar hans eru Magnús Lórenzson og Elín Eyjólfsdóttir.

Ásgeir lauk gagnfræðiprófi og lærði í kjölfarið matreiðslu og útskrifaðist vorið 1978. Í kjölfarið vann hann við matreiðslu í 17 ár, bæði hér á Íslandi sem og erlendis. Árið 1990 hóf hann störf sem sölumaður hjá Danól ehf., en þar hefur hann starfað sem vörumerkjastjóri frá árinu 1995.

Ásgeir gekk í St. Jóh.stúkuna Gimli í febrúar árið 1993. Hann var síðan einn af stofnfélögum St. Jóh.stúkunnar Njarðar við stofnun hennar árið 1999. Ásgeir hefur gegnt ýmsum embættum í Nirði, A.Sm., Y.Stv., E.Stv. og Vm., auk þess sem hann hefur gegnt embætti A.Sm. í St. Andr.stúkunnni Helgafelli.

Ásgeir er kvæntur Þóru Úlfarsdóttur bókara og eiga þau 3 börn; tvær dætur og einn son.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Audbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





Velkomin í Lauga-ás

Við leggjum sérstaka áherslu á að hafa á boðstólum ferskasta hráefni sem völ er á hverju sinni. Við erum þekkt fyrir fiskrétti okkar, fjölbreytni í matargerð og að bjóða rétti sem almennt eru ekki á markaðnum.

Heyrnartæki sniðin að þínum þörfum



HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

**Minningarkort
bræðranefndar fást á
www.frmr.is**



Ertu með allt
á hreinu?



Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík • haaleiti@bjorq.is • Sími: 553 1380

Árnað heilla



Vilhjálmur Einarsson 85 ára

Bróðir Vilhjálmur Einarsson varð 85 ára þann 5. júní í sumar er leið. Bróðir Vilhjálmur er einn mesti afreksmaður íslenskrar íþróttasögu og vann fyrstur Íslendinga til verðlauna á Ólympíuleikum þegar hann vann silfur fyrir þristökk í Melbourne í Ástralíu 1956. Bróðir Vilhjálmur gekk í St. Jóh.st. Gimli 1977. Hann fluttist til Egilsstaða þegar hann var ráðinn skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum 1979 og gerðist síðar stofnfélagi í St. Jóh.st. Vöku á Egilsstöðum árið 2010.

Á myndinni sem tekin er á afmælisdaginn er bróðir Kolbeinn Arason, fv. flugstjóri og einnig stofnfélagi í Vöku, að færa bróður Vilhjálmi f.h. Stm. Vöku og Vökubræðra blómvönd í tilefni afmælisins.

SVAFAR & HERMANN

Kvedja
útfararstofa

Virðing,
reynsla
& þjónusta

Allan
sólarhringinn

571 8222

Svafar:

820 3939

Hermann:

820 3938

Ingibjörg:

820 3937



WWW.KVEDJA.IS

Jónsmessufundur Vökubræðra

Vökubræður á Egilsstöðum héldu Jónsmessufund í kirkjunni á Valþjófsstað í Fljótssdal þann 22. júní síðastliðinn. Þetta er fyrsti Jónsmessufundur

haldinn í St. Jóh.st. Vöku, en í fræðslustúkunni var haldinn Jónsmessufundur árið 2006.

Óskar Vignir Bjarnason, Stm.

Vöku, stýrði fundinum og R. stúkunnar, Stefán Bogi Sveinsson, flutti fróðlegt erindi um Jónsmessuna.



Vökubræður á Jónsmessufundi í Valþjófsstaðarkirkju.



Óskar Vignir Bjarnason, Stm. Vöku, stýrir Jónsmessufundi undir altarisstöflu Valþjófsstaðarkirkju.

FASTEIGNASALA

LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF

Traust og fagleg þjónusta

Yfir 35 ára reynsla

Magnús Guðlaugsson hrl.

CODEXNOVA
Lögmannsstofa

DOMUSNOVA
Fasteignasala

Nýbýlavegi 8 – Kópavogi
Sími 511 7030 / 893 7030

Valin besta nýja vara ársins, Nordbygg 2016

klimat k7 – sjö viftur í einni
Ein sú hljóðlátasta á markaðinum (17-25 dB)

Sjálfvirk, raka-og hitastýring, fer sjálfkrafa í gang þegar ljós eru kveikt eða við hreyfingu í rými.

Klimat K7 er fjölnota vifta, þróuð og framleidd í Svíþjóð.

Hitataekni hitataekni.is
Smiðjuvegur 10, 200 Kópavogur - Sími 588 60 70

Ping Pong.is

/ Borðtennis / Bridge / Fótballspil / Pílukaast / Billjard / Póker / Pytbokki



GÆÐI | ÞJÓNUSTA | ÁBYRGÐ

Upplifðu úrvalið í glæsilegum sýningarsal Tengis!

www.tengi.is




Kópavogi ☎ 414 1000
Akureyri ☎ 414 1050



App ársins



Í Landsbankaappinu hefur þú fullkomna sýn yfir öll fjármálin. Það tekur aðeins örfáar mínútur að koma í viðskipti í gegnum appið.





Fjölmenni heimsótti Regluheimilið á Menningarnótt. Eríkur Finnur Greipsson stóð vaktina við innganginn.

Opið hús á Menningarnótt

Þann 24. ágúst árið 2019, á Menningarnótt, mátti sjá heldur óvenjulega sýn í anddyri Regluheimilis Frímúrarareglunnar í Reykjavík, nefnilega barnavagna af öllum mögulegum stærðum og gerðum.

Ástæðan var auðvitað opið hús fyrir almenning, sem nú var haldið í þriðja sinn, en fyrst var húsið opnað gestum á Menningarnótt 2005. Sérstök ástæða þótti til að fagna 100 ára afmæli Reglunnar með því að opna dyr Regluheimila landsins fyrir gestum, og nú skyldi það gert í Reykjavík.

Við opnun hússins klukkan 14 var þegar myndarleg röð fyrir utan það og seint verður hægt að kvarta undan aðsókninni á þessum góðviðrisdegi, en í þetta sinn sóttu 1.379 gestir Regluheimilið heim. Gestirnir voru síður en svo einsleitur hópur, heldur




Pétur Jónsson leiðbeinir gestum um húsið.

TOYOTA ÞJÓNUSTA

ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



Smiðjuvegur 2, 200 Kópavogur
www.bifreidaverkstaedi.is

S:587 1350



Grand Hótel Reykjavík, stærsta funda- og ráðstefnuhótel Íslands

Grand Hótel Reykjavík hýsir fjölda viðburða, meðal annars ráðstefnur og sýningar, fyrirtækjaviðburði, stóra sem smáa fundi, verðlaunaafhendingar, fyrirlestra og fleira.

Salirnir henta einnig vel fyrir brúðkaup, samsæti, ættarmót, erfidrykkjur, móttökur eða aðrar veislur. Öll aðstaða og þjónusta er fyrsta flokks.

Grand Hótel Reykjavík er staðsett í rólegu umhverfi rétt við Laugardalinn.

Hafðu samband og við aðstoðum þig við að gera þinn viðburð, eins og þú vilt hafa hann.



sannarlega skemmtilegur þverskurður af þjóðfélaginu.

Hvarvetna tóku bræður í kjölfötum á móti gestum og svöruðu spurningum og leiðbeindu fólki um húsið, sem prýtt var upplýsingaspjöldum með ýmiskonar fróðleik um starfsemi Reglunnar. Heimildakvikmynd um Reglustarfið í 100 ár var sýnd á stóru tjaldi og boðið var upp á veitingar auk þess sem tímaritið Frímúrarinn og fræðslubæklingur um Regluna lágu þar frammi, gestum til frekari fróðleiks. Reyndust gestir duglegir að taka þann fróðleik heim með sér.

Í hátíðarsal var gestum boðið upp á fræðsluerindi um starfið innan Reglunnar og lifandi tónlist þess á milli. Á jarðhæð var opið inn í Jóhannesarhallinn og hljómaði ljúf lifandi tónlist af söngloftinu um stjörnubjartan salinn. Þá var Minjasafnið opið og á göngum var búið að stilla upp nýjum sýningarskápum með munum úr söfnun Reglunnar.

Í austursal var svo áhugasömum gestum boðið upp á samtal við bræður, ef þeir höfðu áhuga á að fræðast enn betur um reglustarfið og að leggja fram skriflegar óskir um að fá frekari upplýsingar.

Ánægjulegt var að fylgjast með gestum dást að því sem fyrir augu bar og heyra jákvæð viðbrögð þeirra eftir að hafa farið um húsið og kynnt sér húsakynninn og notið þess sem í boði var. Flestir gestanna gáfu sér góðan tíma til að líta vel í kringum sig og margir þeirra höfðu orð á því að heimsóknin hefði gefið þeim nýja og betri sýn á því hvað fram færi í húsinu sem svo margar getgátur hafi verið uppi um í gegnum tíðina.

Má með því kannski segja að tilgangi opna hússins hafi verið náð fyllilega, að sýna fólki sem ekki þekkir til Reglustarfsins fram á að í húsinu fari sannarlega fram mannræktarstarf sem með einlægum betrunarásætning og kærleikann að vopni stefnir að því að gera samfélag okkar allra örhlítið betra en það annars væri.



Gestir hópast í húsið.



Eiríkur Finnur Greipsson svarar spurningum fréttamanna.



Fólk drífur að til að skoða Regluheimilið.

In memoriam

Látnir bræður

1. nóvember 2018 til 31. október 2019

Axel Þ. J. Sölvason, Edda X
F. 15.01.31 D. 16.10.2019

Baldur Ágústsson, Fjölur X
F. 13.02.33 D. 01.05.2019

Benedikt Ketill Kristjánsson, Njála X
F. 19.09.52 D. 28.07.2019

Birgir H. Helgason, Rún X
F. 22.07.34 D. 16.08.2019

Bjarni Gíslason, Mímir X
F. 17.07.29 D. 25.08.2019

Björn Kristmundsson, Gimli X
F. 08.12.37 D. 30.01.2019

Bragi Þór Jósafatsson, Akur X
F. 10.02.30 D. 02.12.2018

Einar Helgason, Edda VII
F. 03.10.50 D. 03.04.2019

Einar Oddsson, Edda IX
F. 30.12.43 D. 24.08.2019

Einar Óli Rúnarsson, Vaka VI
F. 08.11.68 D. 06.08.2019

Einar Geir Þorsteinsson, Mímir X
F. 07.08.30 D. 27.06.2019

Grímur Sigurgrímsson, Gimli VIII
F. 16.08.35 D. 28.04.2019

Guðjón Þorkelsson, Gimli X
F. 02.10.45 D. 23.06.2019

Guðmundur Ásgeirsson, Edda IX
F. 03.04.49 D. 29.09.2019

Guðmundur Örn Njálsson, Rún VIII
F. 31.03.55 D. 19.05.2019

Gunnar Örn Gunnarsson, Sindri VII
F. 19.11.33 D. 26.09.2019

Gunnar Ólafsson, Akur X
F. 14.06.50 D. 29.04.2019

Gylfi Lárusson, Fjölur IX
F. 23.10.46 D. 10.04.2019

Halldór Sigurðsson, Edda X
F. 11.07.34 D. 20.02.2019

Haukur Sveinbjarnarson, Mímir X
F. 09.11.28 D. 31.10.2018

Helgi Hreiðar Sigurðsson, Gimli X
F. 05.02.34 D. 16.03.2019

Hilmar Eyjólfur Guðjónsson, Gimli IX
F. 15.11.38 D. 15.05.2019

Hilmar Pálsson, Edda X
F. 31.03.35 D. 05.06.2019

Hjörleifur G. Bergsteinsson, Hamar X
F. 11.07.34 D. 01.05.2019

Hreinn Sumarliðason, Mímir X
F. 24.11.30 D. 16.04.2019

Jón Þór Ágústsson, Mímir VIII
F. 09.01.66 D. 07.03.2019

Jón Ólafur Bjarnason, Hamar X
F. 01.10.25 D. 14.03.2019

Jón Dýrfjörð, Rún X
F. 16.03.31 D. 14.06.2019

Júlíus Snorrason, Rún X
F. 26.03.38 D. 20.01.2019

Kristinn V. Magnússon, Rún VIII
F. 20.03.40 D. 19.06.2019

Kristján Eiríksson, Mímir X
F. 29.06.20 D. 12.06.2019

Magnús Þór Jónasson, Hlér X
F. 04.05.47 D. 25.04.2019

Magnús Georg Siguroddsson, Gimli X
F. 01.12.41 D. 09.04.2019

Ólafur Mariusson, Mímir X
F. 25.10.21 D. 24.06.2019

Óttarr Möller, Edda R&K
F. 24.10.18 D. 19.12.2018

Pálmi St. Sigurbjörnsson, Edda X
F. 16.12.31 D. 23.12.2018

Pétur Breiðfjörð, Rún X
F. 16.09.30 D. 04.05.2019

Ragnar Jón Jónsson, Mímir X
F. 22.03.29 D. 23.07.2019

Ragnar Stefán Magnússon, Gimli IX
F. 11.09.36 D. 02.07.2019

Reimar Charlesson, Gimli X
F. 22.01.35 D. 10.05.2019

Sigurður Axelsson, Edda IX
F. 29.07.32 D. 29.10.2019

Sigurjón Jónsson, Edda IX
F. 21.10.33 D. 16.12.2018

Sigurjón Símonarson, Edda X
F. 24.04.53 D. 12.08.2019

Sigvaldi Páll Gunnarsson, Glitnir X
F. 19.12.62 D. 08.08.2019

Stefán Friðbjarnarson, Edda X
F. 16.07.28 D. 02.05.2019

Sverrir Andrésón, Fjölur VII
F. 30.03.30 D. 20.05.2019

Sverrir Guðvarðsson, Edda X
F. 30.09.30 D. 22.10.2019

Sævar Breiðfjörð Sörensson, Sindri X
F. 20.10.35 D. 29.06.2019

Valdimar Jóhannsson, Gimli IV-V
F. 12.06.39 D. 11.10.2019

Þorsteinn Bernard Hjaltason, Glitnir IX
F. 17.06.39 D. 08.02.2019

Þórður Haraldsson, Glitnir IX
F. 08.10.39 D. 06.09.2019

Þórður Eydal Magnússon, Edda X
F. 11.07.31 D. 19.10.2019

Þórólfur Jónsson, Edda IX
F. 17.08.23 D. 26.05.2019

Örn Egilsson, Glitnir IX
F. 15.11.37 D. 13.04.2019



Þingið var einstaklega vel sótt og var bekkurinn þétt setinn meðan erindin voru flutt og umræður stóðu yfir.

Afar fjölsótt fræðsluþing

Fræðslunefnd Frímúrarareglunnar stóð fyrir fræðsluþinginu Jóhannes III, sunnudaginn 13. október síðastliðinn. Var þingið haldið undir yfirskriftinni „Hvert erum við komnir? Hvar erum við staddir? Hver er merking III. stigsins?“

Valur Valsson, SMR, setti þingið með snjöllu ávarpi. Í kjölfarið tók Einar Kristinn Jónsson, formaður fræðslunefndar, við stjórn þingsins. Á dagskrá voru fimm erindi sem flutt voru af þeim Lárusi Grétari Ólafssyni, Hamri; Þórarni Þórarinssyni, Fjölni; Stefáni E. Stefánssyni, Mími; Arnari Þór Jónssyni, Fjölni og Lárusi Ingólfssyni, Mími.

Að loknum erindunum var efnt til lífflegra umræðna meðal þeirra ríflega 150 bræðra sem þingið sóttu. Í lok þingsins ávarpaði Kristján Jóhannsson, YAR, þingið og beindi þar orðum sínum sérstaklega til fráfarandi SMR. Sagði hann þakklæti efst í huga bræðrahópsins, ekki síst vegna þess stuðnings sem Valur hefði veitt fræðslustarfi Reglunnar þau tólf ár sem hann hefði setið í embætti.



Valur Valsson, SMR, ávarpaði þingið og setti. Ræddi hann m.a. um III. stigið og persónulega reynslu sína af því.

Ljósmyndir: Bjarni Ómar

Frá Skjalasafni Reglunnar

Forn ritvél í skjalasafni

Í skjalasafni Reglunnar er ritvél af gerðinni Imperial. Á vélina er letrað gullnum stöfum tegundarheitið „Imperial Portable“ og er þannig státað af því að ritvélin sé færarleg. Hún vegur þó með tilheyrandi tösku rúm 8 kg og er nærri tvisvar sinnum þyngri en ferðarritvél frá 8. áratugnum í eigu höfundar.

Framan á ritvélinni stendur „Arent Claessen Sole Agent in Iceland and the Faroe Islands.“

Arent Claessen (1887–1968) var einn af stofnfélögum St. Jóh stúkunnar Eddu og lengi einn af forystumönnum frímúrarastarfs á Íslandi. Sjá umfjöllun um bróður Arent í Frímúrararanum, nóvember 2013.

Arent Claessen hafði sem sagt einkaumboð fyrir Imperial ritvélar á Íslandi og í Færeyjum. Hann auglýsti þessar ritvélar meðal annars í Morgunblaðinu 1913 og í símaskránni 1920 auglýsti hann nýja gerð sem væri væntanleg seinna á árinu. Hér er komin til sögunnar „Imperial Model D“ eða „Imperial Portable“, sama tegund og ritvél skjalasafnsins.

Margt má finna á veraldarvefnum, til dæmis töflur um framleiðslunúmer og framleiðsluár Imperial ritvéla. Samkvæmt þeim töflum er ritvél skjalasafnsins framleidd 1925 eða 1926 og eru því nokkur ár í aldarafmælið.

Leitað var í bréfaskrá Eddu 1919–1938 og í bókhaldi stúkunnar árin 1919–1927. Fylgiskjöl bókhaldsins bera vott um mikla nákvæmni. Kvittanir sýna að stúkan hefur keypt blek, blýanta og strokleður, en ekki hafa fundist nein merki þess að ritvél hafi verið gefin stúkunni né keypt. Verður því að telja líklegast að bróðir Arent Claessen hafi lagt Eddu til ritvélina án greiðslu.

Ritvélin er fyllilega nothæf og leturborðinn ekki þornaður þegar skrifað var á hana til prufu. Á árunum eftir 1920 eru ýmis Eddu-skjöl vérlitvél með stafagerð sem samsvarar títtnefndri Imperial Portable ritvél. Ekki er kunnugt hvenær hún var síð-



Ljósmynd. Guðmundur Viðarsson

Imperial Portable ritvél skjalasafnsins.

ast í virkri notkun, en þó ekki hafi verið gerðar rannsóknir á skjölum má búast við því að mörg skjöl varðandi frímúrarastarfsemi hafi verið skrifuð á þessa ritvél í nokkra áratugi.

Pau tæki sem fyrri kynslóðum þóttu sjálfsgöð og eðlileg geta verið torskilin yngri kynslóðum. Þetta gildir ekki einungis um gömul landbúnaðarárhöld og verkfæri iðnaðarmanna. Fyrir nokkrum árum var stúlka í heimsókn á vinnustað hér í bæ og sá þar ritvél. Þetta var hátækni rafmagnsritvél frá níunda áratug 20. aldar, svokölluð hjólavél þar sem hægt

var að skipta um stafahjól í vélinni til að fá mismunandi leturgerðir. Stúlkan leit á þetta tæki og spurði svo í hjartans einlægni: „Hvað er þetta?“ Hún hafði lært vélritun (ritvinnslu) en á tölvu. Í augum ungmenna eru ef til vill rafmagnsritvélar frá níunda áratug 20. aldar ekki langt frá fjaðurpennum og sortulyngsbleki.

En rúmlega níu árið „Imperial Portable“ ritvélin á skjalasafni Reglunnar er varabúnaður ef ritvinnslutölvurnar detta út.

Halldór Baldursson, Skv. R.



Fundur elstu Jóhannesarstúknanna á Norðurlöndunum hefur þróast í það að verða fjölmennit mót bræðra og systra.

Norrænt frímúrararamót

Um nokkurt skeið hefur tíðkast að Stólmeistarar elstu Jóhannesarstúknanna á Norðurlöndunum hittist annað hvert ár til að bera saman bækur sínar og ræða málefni stúknanna. Heimsóknir þessar færast eftir ákveðnu skipulagi milli landa þannig að í hverju landi er fundurinn á tíu ára fresti. Í byrjun voru þetta fámennir fundir embættismanna en í seinni tíð hefur skapast sú hefð að nokkur fjöldi bræðra og systra slæst í för og verða fundirnir því talsvert umfangsmeiri en var. Jafnframt hefur dagskrá lengst og nær nú yfir þrjá daga og má því segja að um norrænt mót sé að ræða.

Samkvæmt áðurnefndu skipulagi um fundarstaði hefði fundur ársins átt að vera í Noregi en kollegum mínum ytra þótti ekki annað koma til greina en að breyta röðinni og koma til Íslands á þessu merka ári þegar St. Jóh. stúkan Edda varð hundrað ára. Má því segja að mótið hafi verið eins konar endapunktur á hátíðarhöldum stúkunnar af þessu tilefni. Að þessu sinni komu 67 bræður og 47 systur í heimsókn til okkar og voru Finnar langfjölmennastir.

Dagskráin er nokkuð fastmótuð.

Þannig hittast Stólmeistararnir á föstudagseftirmiðdegi og ræða sín mál og snæða saman kvöldverð. Tveir íslenskir R&K og einn sænskur heiðruðu okkur með nærveru sinni við fundinn og máltíðina. Um kvöldið var síðan óformleg samkoma í Regluheimilinu þar sem mótsgestir gátu hist og spjallað yfir léttum veitingum.

Á laugardegi var erlendu systrum boðið í skoðunarferð í Perluna og síðan í mat í stúkuhúsinu í Hafnarfirði. Á meðan var haldinn upptökufundur á fyrsta stigi fyrir erlendu bræðurna og þá íslensku vitaskuld líka. Geti má þess að Stórmeistari Reglunnar heiðraði okkur með nærveru sinni á fundinum. Setti sú aðkoma hans og hans fylgdarliðs hátíðlegan og fallegan svip á fundinn. Aukin tónlist var á fundinum og söng m.a. Frímúrarakórinn afmæliskantötu og fleiri lög. Um kvöldið var síðan vegleg bróðurmáltíð með systrum og má segja að um ígildi Systrakvölds hafi verið að ræða. Flutt var tónlist og gamanmál. Gestirnir voru leystir út með minjagripum og var ekki annað að sjá en allir skemmtu sér vel og nytu þess sem fram var borið af veraldlegu og andlegu fóðri.

Á sunnudeginum var síðan boðið upp á skoðunarferðir um Regluheimilið undir stjórn Stórsíðameistara og tókst þar afar vel til og þótti gestum gaman og fróðlegt að sjá hversu vel Frímúrarareglan á Íslandi býr. Eftir skoðunarferðirnar var síðan snæddur léttur hádegisverður og mótinu slitið.

Kannski er ekki hægt að segja að á þessum fundum Stólmeistaranna séu teknar neinar stefnumarkandi ákvarðanir um starfið en það er sannarlega bæði áhugavert og skemmtilegt að kynnast starfsbræðrum á Norðurlöndunum og ræða málin við þá. Einstakur vinskapur verður til á þessum mótum og eru mörg dæmi um að fólk hafi haldið tengslum þvert á löndin og heimsótt hvert annað og sótt frímúraraviðburði. Vinátta og bræðralag eru hornsteinar í starfinu okkar og því held ég að þessi mót séu mjög af hinu góða og styðji vel við starfið okkar. Ég þykist vita að þeir íslensku bræður sem sóttu fundinn og hátíðarsamkomuna séu strax farnir að hlakka til næsta móts sem verður í Noregi eftir tvö ár.

Guðmundur Steingrímsson

Minjasafnið

Brynja Karls konungs XIII.

Efalaust hafa bræður, sem átt hafa leið um Regluheimilið í Reykjavík, rekið augun í herklæði sem geymd eru í skáp í ganginum að Jóhannesarsalnum. Ekki er miklar upplýsingar um þennan grip að sjá þar, þó þetta sem skrifað er á spjald sem er á aftari vegg skápsins:

„Hluti einkennisklæðnaðar Karls konungs XIII.“

Brynja þessi sem er frá 1779, er gjöf frá Minjasafni Sænsku Frímúrarareglunnar. Br. Tom C. Bergroth, stórmarskalkur Sænsku Reglunnar, færði Minjasafninu 23. júní 2003, þessa einstöku og höfðinglegu gjöf. Brynjan sjálf er silfruð og er ásamt rauða gullbryddaða silkikrossinum upphafleg frá árinu 1779. Þessi söguverka og fagra gjöf frá bræðrum okkar í Svíþjóð sýnir einstakan bróðurhug til íslenskra bræðra og er vitnisburður um hin sterku bönd sem tengir okkur saman í þessum félagsskap.“

Minjavörður Reglunnar á þessum tíma var bróðir Jón Þór Hannesson. Hann ritaði skilagrein um þessa gjöf Svía svohljóðandi:

„Brynja frá 1779 (Hluti einkennisklæðnaðar Karls konungs XIII.)“

Brynja þessi, einnig nefnd sem brjóstbrynja eða brjóstvörn er frá Minjasafni Sænsku Frímúrarareglunnar. Br. Tom C. Bergroth stórmarskalkur Sænsku Reglunnar færði Minjasafninu 23. júní 2003 þessa einstöku og höfðinglegu gjöf.

Brynjur sem þessi hafa verið notaðar í Sænsku Reglunni allar götur frá árinu 1779 og fram til ársins 1972, en þá var notkun þeirra lögð af sem hluti af einkennisklæðnaði.

Brynjan er silfurhúðuð með rauðum silki krossi með gullflogum kanti. Hvorttveggja frá árinu 1779.



Karl XIII. bar þessa brynju sjálfur á fundum.



Ljósmyndir: Guðmundur Viðarsson

Brynjan er klædd vaskaskinni til hlífðar, á þessum tíma (fyrir um 240 árum) voru menn smávarnari. Að auki er brynjan sveigjanleg og virðist minni en hún í raun er.

Brynjan er fóðruð með ljósgulu vaskaskinni sem hefur ásamt rauða kantfóðrinu verið endurbætt hundrað árum síðar eða árið 1880.

Upphaflega var rauð leðurreim fest á brynjuna, til að auðveldara væri að festa hana á Karls konungs XIII, regluclæðnaðinn.

Á málverkum af fyrrverandi Stórmeistararum sem eru í sænska Regluheimilinu má greinilega sjá brynjur sem þessa.

Þessi fallega og sögulega gjöf frá bræðrum okkar í Svíþjóð sýnir einstakan bróðurhug til íslenskra bræðra og er vitnisburður um hin sterku bönd sem tengir okkur saman í þessum félagsskap.

Minjavörður Reglunnar
Jón Þór Hannesson.“

Ekki hefur farið hjá því að íslenskir bræður, sem virt hafa fyrir sér þessa brynju, hafa velt fyrir sér hvers vegna hún sé hingað komin og svo öllu sé til skila haldið: Vaknað hafa spurningar um hvort hún sé ekta (þ.e. raunverulega brynja Karls XIII) og jafnvel hafa farið á kreik sögur um að þessi merkisgripur hafi ratað hingað í heimildarleysi.

Frímúrarinn bar þetta undir bróður Jón Þór Hannesson sem tók við brynjunni og var í miklum samskiptum við bróður Tom C. Bergroth um margra ára skeið. Jón Þór segir að Tom C. Bergroth hafi verið með fullt samþykki fyrir þessari gjöf frá bræðrum okkar í Svíþjóð og vísar í því sambandi til bréfaskipta en þau bréf eru varðveitt á Skjalasafni Reglunnar.

Um Tom C. Bergroth segir Jón Þór Hannesson að hann hafi skrifað merkilega bók um Karl XIII. orðuna, „Kungliga Karl den XIII.s Orden“ árið 2002 og hafi gert það með styrk m.a. frá Sænsku Reglunni. Þá hafi hann skrifað fjölmargar bækur um safnafræði og skjaldarfræði.

Í dag er Tom C. Bergroth Safnstjóri Åbo safnsins og kennari við Åbo háskólann, auk þess sérlegur ráðgjafi sænsku konungsfjölskyldunnar og umsjónarmaður með safngripum hennar.

Um þennan sænska bróður og vin sinn segir Jón Þór Hannesson: „Tom er fastur á sínum skoðunum, og það var ekki fyrir en nýlega, að hann lenti upp á kant við sína bræður í Svíþjóð og einnig reyndar í Danmörku. Það hefur ekkert að gera með þessa brynju sem okkur var gefin. Tom stakk upp á þessu við mig þegar hann kom eitt skiptið til Ísland á Stórhátíð og urðum við ágætis mátar.“

Þórhallur Jósefsson

Mikil aðsókn að „Opnu húsi“ Rúnarbræðra á Akureyri

Rúnarbræður á Akureyri voru með „Opnið hús“ laugardaginn 1. september 2019. Viðburðurinn var vel auglýstur og hluti af dagskrá Akureyrarvöku, sem haldin er árlega í haustbyrjun til að minnast afmælis sveitarfélagsins.

Regluheimilið var opið frá kl. 13 til 16. Bræður í kjölfötum tóku á móti gestum og buðu þá velkomna í hús. Á öllum hæðum tóku bræður á móti gestum og ræddu við þá. Gestum gafst tækifæri á að skoða kynningarspjöld um Regluna, bæði á landsvísu og um stúkurnar þrjár á Akureyri.

Bræður afhentu þeim sem vildu nýjasta tölublað Frímúrarans og kynningarrit um Regluna. Gestum gafst tækifæri á að ganga inn í stúkusal Rúnar og þar flutti Kristinn Eyjólfsson, Stólmeistari Rúnar, stutt ávarp nokkrum sinnum meðan dagskráin stóð yfir og skýrði m.a. markmið Reglunnar.

Dyr voru opnar á skrifstofu Stólmeistara svo gestir gátu séð þar inn. Í risi hússins var stór sjónvarpsskjár þar sem sýndar voru tvær myndir úr starfi Reglunnar og Minjasafnið var einnig opið og tóku minjaverðir á móti gestum. Í veislusal á fyrstu hæð var boðið upp á kaffi og kleinur. Þar voru jafnframt sýndar myndir frá hátíðinni í Hörpu og tónlist Frímúrarakórsins á Akureyri leikin af geisladiski.

Fallegur dagur

Þess skal getið að nýbúið var að taka framhlið stúkuhússins í gegn og mála og sérstaka athygli vakti hversu fagur dyraumbúnaðurinn í aðalinngangi er eftir þessa yfirferð. Íslenski fáninn blakti við hún og nýjar blómaskreytingar prýddu blómakerin. Ekki spillti það upplifuninni að veðrið var eins og best verður á kosið, sólskin og blíða. Það má því með sanni segja að þessi dagur hafi verið sérlega fallegur.

Fram úr björtustu vonum

„Við erum mjög ánægðir með það hversu vel tókst til hjá okkur. Viðhorf gesta var hlýlegt, þeir voru áhuga-



Rúnarbræður taka á móti gestum.

Ljós. Páll A. Pálsson



Boðið var upp á kaffiveitingar í borðsalnum.

Ljós. Páll A. Pálsson

samir og greinilegt var að þeim fannst húsið tilkomumikið, að innan sem utan,” segir Kristinn Eyjólfsson, Stólmeistari Rúnar.

Hann segir aðsóknina hafa farið fram úr björtustu vonum. „Rúmlega 300 manns skrifuðu sig í gestabókina en sennilega sóttu vel á fimmta hundrað gestir okkur heim á þessum fjórum klukkustundum.“

Kristinn segir að allir bræður sem lögðu þessum viðburði lið eigi skilið mikið þakklæti. „Þetta gat í raun ekki tekist betur. Ég held að mjög margir hafi öðlast nýja sýn á starf okkar frímúrarabræðra með því að heimsækja okkur – en til þess var jú leikurinn gerður,” segir hann.

Bragi V. Bergmann

Frímúrarasjóðurinn

Stuðningur við Parkinsonsjúklinga og skjólstæðinga Ljóssins

Frímúrarasjóðurinn – mannúðar- og menningarsjóður Frímúrarareglunnar á Íslandi, er ætlaður til að styðja við brýn góðgerðarverkefni utan Reglunnar. Í skipulagsskrá sjóðsins segir að tilgangur hans sé að styrkja stofnanir, félög og einstaklinga sem hafa skarað fram úr í mannúðar- eða menningarmálum á Íslandi, að veita styrki eða heiðursgjafir þeim stofnunum, félögum eða einstaklingum sem vinna afrek í vísindum eða fræðslu, er stuðlað geta að hagsbótum fyrir bágstadda, þjáða eða sjúka. Þá skal sjóðurinn heiðra með fjárframlagi þær stofnanir, félög eða einstaklinga sem með störfum sínum skara fram úr í líknar- og menningarmálum þjóðarinnar.

Mikilvægt er að bræðurnir geti fylgst með hvernig fjármunum Frímúrarasjóðsins er varið, en sjóðurinn fær framlög m.a. af árgjaldi bræðranna til Reglunnar og af frjálsum framlögum. Við segjum því hér frá tveimur verkefnum sem sjóðurinn hefur styrkt nú á árinu 2019. Þriðja verkefninu vera gerð ítarleg skil í næsta blaði.

Gagnagrunnur fyrir Parkinsonsjúkdóminn

Parkinsonsjúkdómur er næst algengasti taugahrönnunarsjúkdómurinn og er valdur að bæði mikilli fötlun sjúklinga og kostnaði fyrir samfélagið. Gylfi Þormar taugalæknir veitti viðtöku styrk frá Frímúrarasjóðnum til að vinna gagnagrunn um Parkinsonsjúkdóminn.

„Eitt af stærstu framtíðarverkefnum taugalækna sem meðhöndla Parkinson sjúkdóm er betri yfirsýn yfir einkennamynd sjúklinga,“ segir Gylfi. „Tími er af skornum skammti og þar kemur tæknin til góðra nota. Betri skráning er bæði til mikils gagns fyrir sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólk.“

Nú er í gangi vinna með uppsetningu gagnagrunns fyrir Parkinsonsjúkdóm. Þessi vinna er gerð með



Ljós. Sig. Júl.

Gylfi Þormar, taugalæknir á Landspítalanum.

góðum stuðningi og styrk frá Frímúrirum. Í upphafi verður gagnagrunnurinn settur upp fyrir sjúklinga á Landspítala en hugmyndin er að grunnurinn verði síðar á landsvísu. Gagnagrunnurinn geymir upplýsingar um framgang sjúkdómsins og bæði hjálpar að stýra meðferð viðkomandi einstaklings en gefur einnig mikilvægar upplýsingar um sjúkdóminn hjá allri þjóðinni.“

Einnig eru fyrirhuguð tækjakaup með styrknum. „Það eru hreyfiskynjarar sem Parkinsonsjúklingar ganga með í viku og gefa þannig mun betri mynd af hreyfifærni sjúklinga í sínu venjulega umhverfi og hjálpa við ákvörðun meðferðar og sólarhrings blóðþrýstingsmælar, enda er blóðþrýstingsfall eitt af einkennum sem geta komið fram við sjúkdóminn og meðhöndlun hans,“ segir Gylfi.

Að auki mun styrkurinn nýtast til kaupa á tækjum sem skrá langtíma hjartsláttaróreglu. „Þessi tæki munu



Ljós. Ragnar Th.

Erna Magnúsdóttir, stofnandi og forstöðukona Ljóssins.

ekki síst nýtast til uppvinnslu hjá fólki sem hefur orðið fyrir heilablóðfalli þar sem ákveðin tegund hjartsláttaróreglu getur verið undirliggjandi orsök. Það er því ljóst að stuðningur frímúrarara mun nýtast sjúklingum og starfsfólki taugalækningadeildar ákaflega vel,“ segir Gylfi Þormar taugalæknir.

Ljósið endurhæfingarmiðstöð

Ljósið er fyrsta endurhæfingarmiðstöðin á Íslandi til að sinna krabbameinsgreindum sjúklingum í langtíma endurhæfingu, auk þess að veita aðstandendum stuðning. Ljósið er viðurkennt af Landlæknisembættinu sem heilbrigðisstofnun. Ljósið er fjölskylduhús en frá upphafi hefur öll fjölskyldan getað komið og fengið stuðning, ýmist í einkaviðtölum eða á sérhönnuðum námskeiðum sem eru fyrir allan aldur aðstandenda, allt niður í sex ára.

Ljósið hóf starfsemi sína í septem-

ber 2005 í gamla safnaðarheimili Nes-kirkju. Það var hugsjónafólk sem vildi efla endurhæfingu fyrir krabbameinsgreinda og studdu vel við bakið á stofnanda ljóssins, Ernu Magnúsdóttur, sem er hugmyndasmiður og forstöðukona Ljóssins. „Í upphafi var draumurinn að stofna endurhæfingarmiðstöð fyrir utan spítalaumhverfið og það varð úr,“ segir Erna.

„Markmið með þjónustunni er að veita stuðning í kjölfar greiningar, fræða um hjargráð, ýta undir virkni og félagslega þátttöku auk þess að viðhalda andlegu og líkamlegu þreki. Í þessu samhengi skiptir miklu máli að stuðla að sérhæfingu fagfólks og horfa heilðrænt á einstaklinginn til að batinn verði sem mestur. Þeir sem greinast og nýta sér þjónustu Ljóssins eru frá 16 ára aldri.“

Óhætt er að segja að mikil þörf var fyrir þessa starsemi Ljóssins og hefur hún vaxið og dafnað stöðugt frá fyrstu tíð. Erna segir það hafa verið eitt meginverkefni hennar að afla fjár til starfseminnar, sem allt fram á þennan dag hefur verið kostuð af frjálsum framlögum félagasamtaka og einstaklinga. Þau tímamót hafa orðið í starfseminni að Ljósið fær nú fjárveitingu frá Alþingi með fjárlög-

um sem dugar fyrir drjúgum hluta rekstrar og segir Erna það gjörbreyta öllum forsendum starfsins, ekki síst í þágu skjólstæðinga Ljóssins sem kallast Ljósberar. Eftir sem áður verður að treysta á framlög velunnara til að standa undir öðrum kostnaði.

„Í öllu starfinu er leitast við að fólk þurfi sem minnst að greiða fyrir þjónustuna,“ segir Erna. „Það er dýrt að veikjast og fólk er misjafnlega stætt. Hér er mikið af ungu fjölskyldu-fólki svo við reynum að lágmarka kostnað eins og kostur er.“ Árið 2015 var ráðist í stækkun á húsinu sem er nú 620 fermetrar og var það gert með stuðningi Oddfellow reglunnar. „Þrátt fyrir stækkun er húsnæðið orðið of lítið og hefur því verið ráðist í að kaupa flytjanlegt timburhús, 243 fm, á lóð nr. 47 sem er í eigu Ljóssins. Húsið mun m.a. bæta aðstöðu til sjúkraþjálfunar og hreyfingar og þurfum við landsmenn í lið með okkur til þess. Ómetanlegur styrkur upp á 10.000.000,- barst óvænt frá Frímúrarareglunni og erum við afskaplega þakklát fyrir þann stuðning sem léttir róðurinn töluvert í húsakaupunum en andvirði styrksins fer í húsnæðissjóðinn.“



Sæþór Heiðar Þorbergsson.

Nýr Stj. br. fræðslustúkunnar Borgar

Þann 12. apríl síðastliðinn fór fram kjör um Stjórnandi bróður fræðslustúkunnar Borgar í Stykkishólmi.

Kjörinn var Sæþór Heiðar Þorbergsson og var hann settur í embættið á sama fundi af Stm. St. Jóh. stúkunnar Akurs, Sæmundi Víg-lundssyni.

Sæþór er fæddur í Stykkishólmi þann 11. janúar 1971. Hann er kvæntur Steinunni Helgadóttur og eiga þau tvö börn. Sæþór er alinn upp í Stykkishólmi og lauk þar grunnskólamenntun. Eftir nám við Fjölbautaskóla Vesturlands og Fjölbautaskólann við Ármúla, lauk hann námi frá Hótel og veitingaskólanum sem matreiðslumaður árið 1994 og í kjölfarið námi sem matreiðslumeistari.

Sæþór hefur starfað víða, en í dag eiga hann og Steinunn veitingastaðinn Narfeyrarstofu í Stykkishólmi, sem þau hafa rekið síðan 2001.

Foreldrar Sæþórs eru Þorbergur Bæringsson húsmiðameistari og Sesselja Pálsdóttir verslunarkona.

Sæþór gekk í St. Jóh.stúkuna Akur í mars árið 2001, er einnig í St. Andr.stúkunni Hlín og hefur starfað í Fræðslustúkunni Borg sem S.V, Y. Stv. og v.Stj.br.



Ljósm. Ragnar Th.

Á þessari lóð suðaustan við hús Ljóssins á að koma fyrir nýju húsi fyrir aukna starfsemi Ljóssins.



Ánægður ferðahópur kórbræðra og systra.

Ítalíuferð Frímúrararakórsins

Frímúrarakórinn hefur gegnum árin farið í nokkrar söngferðir en nú var ákveðið að efna til ferðar þar sem áherslan væri á samveru bræðra og systra ásamt því að njóta lífsins lystisemda og hvíla sig eftir stífa æfingatörn fyrir vortónleikana. Fráfarandi stjórnandi kórsins, bróðir Jónas Þórir, hafði forgöngu um ferðina og valdi Norður-Ítalíu, nánar tiltekið Langbarðaland, sem áfangastað. Þar er hann hagvanur og hafði kynnst ítölskum bræðrum sem höfðu góð orð um að taka á móti hópnum. Þátttaka í ferðinni varð nokkuð minni en vonir stóðu til en samtals þrjátíu bræður, systur og gestir lögðu upp frá Keflavík þann 27. maí.

Dvalið var í Peschiera del Garda sem er líftill bær við suðurenda Gardavatnsins. Hluti miðbæjarins er innan virkisveggja frá tímum Rómarríkis svo sagan er þar við hvert húshorn. Nóg framboð er af hvers konar afþreyingu og veitingastöðum. Kom sér vel að fararstjóri Eldhúsferða þekkti

mjög vel til og ráðlagði okkur hvar bestu réttirnir væru í boði.

Farnar voru ýmsar áhugaverðar skoðunarferðir, m.a. til Madonna della Corona sem er ótrúlegur staður. Vitað er að þar var klaustur og gríðastaður snemma á sextánda öld. Núverandi kirkja er byggð í upphafi sautjándu aldar og hangir utan í lóðréttu berginu. Á gönguleiðinni niður að kirkjunni er píslarsaga frelsarans rakin með listaverkum.

Þannig vildi til að stúkan Catullo sem starfar í nágrenni Peschiera var að halda upp á 10 ára afmæli og bauð íslensku bræðrunum að taka þátt í fundinum og mökum og gestum að vera með í máltíðinni eftir fundinn. Það er alltaf einkar áhugavert að heimsækja erlendar stúkur og oftast nær er hægt að fylgjast með framvindunni og sjá samlíkingu við okkar síðabálka þó tungumálið sé framandi. Þessi fundur var þó nokkuð sérstakur. Til að halda upp á afmælið settu þeir upp svolitla leiksýningu á fundinum

og fóru í gegnum embættismannaskípan síðustu tíu ára. Þar sem menn sitja yfirleitt einungis eitt ár í embætti í stúkum í þessu kerfi voru þetta nokkuð margar embættisskipanir sem farið var í gegn um. Mér varð óneitanlega hugsað til afmælisfundar Eddu og hversu langur hann hefði orðið hefði ég farið þessa leið. Það sem stóð þó eftir í lok fundar og máltíðar er hvernig bróðurþel og vinátta skilar sér þvert á tungumál og búsetu þegar bræður og systur koma saman. Það er einstakt að koma í hóp manna sem taka á móti okkur eins og nánnum ættlingjum. Á heimferðardeginum heim sóttum við aðra ítalska stúku í Mílanó. Ekki var um fund að ræða en heimamenn buðu hópnum í hádegisverð og var skipst á gjöfum og sögum. Einnig þar var okkur tekið sem nánnum ættlingjum og vinum. Kunnum við ítölskum bræðrum og systurum bestu þakkir fyrir auðsýnda vináttu.

Guðmundur Steingrímsson



A Faktoring

Rekstrarfjármögnun fyrir fyrirtæki



Otto B. Arnar ehf.

www.oba.is



www.hjonsson.is

REGALO



THG ARKITEKTAR



Fjarðargötu 1, Seyðisfirði
Sími 472 1300



austfjardaleid.is



www.bolholt.com



www.eskja.is



www.alnabaer.is



Fullbúið netbókhald fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki



Alhúðarhluti 2 • 250 Gandi
Sími 422 7103 • GSM 892 8812 • Síðupóstur: rsi@centrum.is



Hraun 3
730 Reyðarfjörður
Sími 414 9400
launafi.is

BLUE LAGOON
ICELAND



BÍLAMÁLUN & RÉTTINGAR
Sími 421 2999 • www.nysprautun.is

KORTA

VISA MasterCard



www.kjarnafaedi.is



www.banar.is



www.ekran.is



HS ORKA HF
www.hsorka.is






QUORUM

www.quorum.is



PACTA

www.pacta.is



**Bílaverkstæði
Muggs**

Strandvegji 65, Vestmannaeyjum
Sími 481 2513



málarinn.is
Málarinn Jón Hrafn ehf.





ALLT HEFST MED

NESCAFÉ®

Bræðir.is



Vefverslun með vörur fyrir bræður